



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Davidson og andsvar hans við víðtækri
efahyggju**

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Stefán Frímann Jökulsson

Janúar 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

**Davidson og andsvar hans við víðtækri
efahyggju**

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Stefán Frímann Jökulsson

Kt.: 171286-3959

Leiðbeinandi: Mikael M. Karlsson

Janúar 2012

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um andsvar bandaríska heimspekingsins Donald Davidson við víðtækri efahyggju og tengsl þess við aðra hluta heimspeki hans. Andsvar þetta kemur víða fram í skrifum hans og sprettur upp úr frumlegri greinargerð hans fyrir sambandi máls, hugsunar og heims. Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á þessa greinargerð, sem sameinar þrjár hugmyndir sem liggja heimspeki Davidson til grundvallar: túlkun frá rótum, heildarhyggju og úthyggju.

Í þessu augnamiði verður jafnframt gerð grein fyrir gagnrýnni umfjöllun Ludwig og Lepore um andsvar Davidson. Ekki verður gerð tilraun til að svara gagnrýni þeirra í heild sinni, en í lok ritgerðarinnar verður fært rök fyrir því að túlkun Ludwig og Lepore líti að miklu leyti framhjá þeim sögulega þætti sem finna má í úthyggju Davidson, sem síðan hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir það hvernig þeir meta andsvar hans við efahyggju, sem og heimspeki hans í heild sinni.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Heimspeki Davidson og efahyggja	3
2.1	Túlkun frá rótum	5
2.2	Velvildarreglan	8
2.3	Sjónarhorn þriðju persónu og þríhyrningun	12
3	Umfjöllun og gagnrýni Ludwig og Lepore	18
3.1	Röksemdafærslan	18
3.2	Velvildarreglan	21
3.3	Rökstuðningur fyrir velvildarreglunni	25
3.4	Tungumál, hugsun og heimur	28
4	Samantekt og niðurstöður	38
4.1	Samantekt og mat á gagnrýni Ludwig og Lepore	38
4.2	Úthyggja Davidson	41
5	Lokaorð	46
	Heimildaskrá	47

In sharing a language, in whatever sense this is required for communication, we share a picture of the world that must, in its large features, be true. It follows that in making manifest the large features of our language, we make manifest the large features of reality.

Donald Davidson, „The Method of Truth in Metaphysics“,
Inquiries into Truth and Interpretation, p. 199.

1 Inngangur

Ein af óþægilegum afleiðingum þess að búa yfir skoðunum er sú að okkur getur skjátlást. Öll drögum við endrum og sinnum rangar ályktanir af upplýsingum og jafnvel skynfæri okkar eiga það til að villa okkur sýn. Maður getur ekki alltaf haft rétt fyrir sér og við nánari athugun gæti svo farið að jafnvel bjargföstustu skoðanir okkar reynist rangar. En ef að sérhver skoðun okkar getur reynst röng, er þá eitthvað því til fyrirstöðu að okkur skjátlist að mestu eða öllu leyti?

Sumar skoðanir eru þess eðlis að óvissa um þær hefur í för með sér óvissu um meirihluta skoðana okkar. Þetta eru skoðanir um svokallaðar efatilgátur. Í *Hugleiðingum um frumspeki* spurði Descartes okkur hvernig við getum verið viss um að við séum ekki blekkt á kerfisbundinn hátt af illviljuðum anda. Nútímalegri útgáfa af svipuðum vangaveltum lýsir þeim möguleika að við séum heilar í krukku og að upplifun okkar af líkama okkar og hinum efnislega heim sé í raun ekkert annað en taugaboð framkölluð af ofurtölvu. Ef við getum ekki útilokað slíkar tilgátur, virðist sem jafnvel hversdagslegustu skoðanir okkar verði víðtækri efahyggju að bráð.

Bandaríski heimspekingurinn Donald Davidson hefur haldið því fram að greinargerð hans fyrir sambandi hugsunar, máls og heims nái að útiloka slíkar efatilgátur og hafi í för með sér að stór hluti skoðana okkar geti ekki reynst rangur. Í þessari ritgerð mun ég beina sjónum mínum að þessari greinargerð og því andsvari við víðtækri efahyggju sem hún felur í sér. Að baki henni býr frumleg og faguð sýn á mörg helstu vandamál málspeki, hugspeki og þekkingarfræði, en ljóst

er að hugmyndir hans hvíla á umdeildum kenningum í þessum greinum heimspekinnar. Frekar en að leggja lokamat á niðurstöður Davidson, er markmið mitt að varpa ljósi á þessar kenningar og innbyrðis tengls þeirra á milli. Þetta hyggst ég gera í þrem hlutum.

Í fyrsta hluta þessarar ritgerðar fjalla ég um andsvar Davidson eins og það birtist á ýmsum stöðum í skrifum hans. Um leið mun ég leitast við að bregða birtu á þær breytingar sem hugsun hans hefur tekið í áranna rás.

Í öðrum hluta tek ég fyrir gagnrýna umfjöllun tveggja heimspekinga um þær hugmyndir sem andsvar Davidson byggir á, þeirra Kirk Ludwig og Ernest Lepore. Báðir hafa þeir verið ötulir gagnrýnendur Davidson í gegnum tíðina og á síðustu árum hafa þeir í sameiningu gefið út tvö umfangsmikil og ýtarleg yfirlitsrit um heimspeki hans. Af þessum ástæðum er örðugt að fjalla alvarlega um kenningar Davidson án þess að taka að einhverju leiti tillit til þeirrar gagnrýni sem þar birtist. Auk þess gefur nákvæm umfjöllun um gagnrýni þeirra okkur færi á að skerpa á þeim hugmyndum sem kynntar voru í fyrsta hlutanum.

Að lokum verður gagnrýni Ludwig og Lepore tekin saman og metin í þriðja og seinasta hluta ritgerðarinnar. Þar mun ég öðru fremur taka fyrir eitt vafasamt atriði í túlkun þeirra sem hefur afdrifaríkar afleiðingar þegar kemur að því að meta andsvar Davidson við víðtækri efahyggju.

2 Heimspeki Davidson og efahyggja

Rökfærsla Davidson gegn víðtækri efahyggju kemur einna fyrst fram í greininni „The Method of Truth in Metaphysics“.¹ Þar leggur Davidson drög að sannleikskenningu fyrir náttúruleg tungumál ásamt því að færa rök fyrir því að slík kenning myndi ekki einungis varpa ljósi á formgerð tungumála, heldur einnig verufræðilega formgerð heimsins. Í því augnamiði færir hann rök fyrir því að við höfum að mestu leyti á réttu að standa varðandi hinn ytri heim. Þeirri röksemdafærslu má gróflega skipta niður í tvo hluta. Í fyrri hlutanum færir Davidson rök fyrir því að skilyrði þess að tveir einstaklingar séu færir um að túlka hvorn annan réttilega, og þar með að þeir geti deilt tungumáli, sé að þeir séu að mestu leyti sammála í skoðunum sínum. Seinni hluti röksemdafærslunnar byggir á því að vandkvæðalaust sé að ímynda sér alvitran túlk sem býr aðeins yfir sönnum skoðunum um heiminn. Ef við samþykkjum að slíkur túlkur sé fær um að túlka okkur, gefur fyrri hluti röksemdafærslunnar okkur að við búum að mestu leyti yfir sömu skoðunum og hann — skoðunum sem eru sannar samkvæmt skilgreiningu.

Látum þau vandamál sem fylgja hugmyndinni um alvitran túlk liggja á milli hluta um stund og einbeitum okkur að fyrri hluta röksemdafærslunnar. Í greininni² byrjar Davidson á að athuga að einungis er hægt að bera kennsl á skoðanir og lýsa þeim innan mynsturs nátengdra skoðana: maður getur trúað því að ský dragi fyrir sólu, en aðeins ef maður trúir því að sólin sé til, að ský séu úr vatnsgufu, að vatn geti bæði verið í vökvaformi og gasformi og svo framvegis. Þótt ekki sé þörf á neinum tilteknum lista til að ljá skoðuninni innihald verður eitthvað viðeigandi mengi skoðana að vera til staðar. Þegar ég eigna öðrum einstaklingi skoðun geri ég ráð fyrir því að hann búi yfir viðeigandi neti tengdra skoðana til að styðja þá skoðun og þessar skoðanir verða að vera nægilega líkar mínum eigin skoðunum til þess að þessi eignun mín sé réttlætunleg. Þannig er ómögulegt fyrir mig að réttilega eigna einstaklingi skoðun án þess að við séum sammála um megnið af skoðunum

¹Davidson 2001 [1977].

²Davidson 2001 [1977].

sem tengjast henni. Þar sem Davidson telur að það ferli sem á sér stað við túlkun sé óaðskiljanlegt frá því að eigna einstaklingum skoðanir dregur hann þá ályktun að réttmæt túlkun eða skilningur á milli einstaklinga sé ómögulegur án þess að skoðanir þeirra um heiminn séu að mestu leyti þær sömu.

Andsvar Davidsons við víðtækri efahyggju sprettur þannig upp úr greiningu hans á málhæfni. Við fyrstu sýn kann að virðast hæpið að draga þekkingarfræðilegar niðurstöður af málspekilegri greinargerð, en það er einmitt það sem vakir fyrir. Að baki röksemdafærslunni býr frumlega sýn á samband máls, hugsunar og heims sem hefur fest Davidson í sessi sem einn áhrifamesta heimspeking Bandaríkjanna á tuttugustu öld. Í þessum fyrsta hluta ritgerðarinnar er ætlun mín að gera grein fyrir þessari röksemdafærslu og stöðu hennar innan heimspekikerfis Davidsons. En áður en lengra er haldið þarf að slá nokkra varnagla.

Skrif Davidsons er aðallega að finna í formi stuttra greina sem í seinni tíð hefur verið safnað saman í fimm greinasöfn.³ Þær greinar sem stuðst verður við í þessari ritgerð spanna yfir þrjátíu ára tímabil og á þeim tíma er ljóst að hugsun Davidsons tekur einhverjum breytingum. Nýjar hugmyndir koma fram og skerpt er á þeim eldri. Ég mun leitast við að taka tillit til þessara breytinga og skýra frá þeim þegar við á.

Framan af fékkst Davidson einkum við skýrt afmörkuð vandamál í ákvörðunarfræði og formlegri merkingarfræði, en með tímanum fór að birtast sterk heildarsýn sem tengir meðal annars saman málspeki, athafnafræði, frumspeki, þekkingarfræði og hugspeki. Í verkum hans má finna frumlega greiningu á *skynsemi* (e. rationality) sem slíkri, það er að segja þeirri hæfni að geta hugsað, þar sem hugsun er einskorðuð við *íbygginn viðhorf*. Íbyggid viðhorf er hugarástand sem tengir persónu við staðhæfingu. Sem dæmi má nefna *skoðun* þegar maður telur einhverja tiltekna staðhæfingu sanna, *löngun* þegar maður vill að einhver tiltekin staðhæfing sé eða verði sönn og *óttá* þegar maður er hræddur um að einhver staðhæfing sé eða verði sönn. Í þessari ritgerð mun ég fylgja Davidson að

³Davidson 2001a, Davidson 2001b, Davidson 2001c, Davidson 2004 og Davidson 2005.

málum og nota *hugsun* í þessum takmarkaða skilningi.

2.1 Túlkun frá rótum

Í röksemdafærslu Davidson hér að ofan má koma auga á þrjár mikilvægar hugmyndir í heimspeki Davidsons: heildarhyggju, velvildarregluna og órjúfanleg tengsl túlkunar og eignun skoðana. Hver um sig spilar lykilhlutverk í greiningu Davidsons á því ferli sem á sér stað við *túlkun frá rótum* og um leið í greinargerð hans fyrir málhæfni almennt. Túlkun frá rótum á sér stað þegar túlkur hefur það verkefni fyrir höndum að túlka mælt mál einstaklinga eða samfélags,⁴ þegar hann þekkir hvorki merkingu setninganna sem þeir gætu mælt né innihald skoðana þeirra. Sú aðferð að skoða þetta ferli, sem er í grunninn fengin frá umfjöllun Quines í *Word and Object* um þýðingu frá rótum, er helsti grundvöllurinn fyrir rannsóknir Davidsons á tungumáli, hugsun, athöfnum og þekkingu. Hún gengur út á að leggja spurninguna um hvað merking er til hliðar, en spyrja þess í stað hvað myndi nægja túlk að vita til að geta skilið framandi tungumál og hvernig hann gæti nálgast þá þekkingu.⁵ Í þeim tilgangi að gera grein fyrir svari Davidsons við þessari spurningu, skulum við setja okkur í fótspor túlksins og skoða nánar hvers konar verkefni það er sem hann stendur frammi fyrir.

Markmið okkar er að geta túlkað framandi mál einstaklinga, það er að segja að vera fær um að gefa merkingu þess, þegar við höfum engar fyrirfram hugmyndir um skoðanir þeirra. Þau gögn sem við höfum að vinna úr takmarkast við mæltu málið sjálft, sameiginlegt umhverfi okkar og hegðun einstaklinganna eins og við skynjum hana. Samkvæmt Davidson felur þetta í sér að við getum mögulega skorið úr um hvaða setningar einstaklingarnir telja sannar.⁶ Þar sem skoðun er skilin sem

⁴Í „Radical Interpretation“ (2001 [1973]) gerir Davidson grein fyrir þessu ferli með túlkun á málsamfélagi í huga. Einstaklingar eru þá sagðir deila tungumáli ef það er hægt að notast við sömu kenningu við að túlka þá (bls. 135). Þar sem merking margra setninga, til dæmis þeirra sem innihalda persónufoðna, er háð því hver segir setninguna, virðist fullnægjandi skilningur á viðfangsmálinu gera ráð fyrir að málsamfélag eigi í hlut. Ég mun engu að síður láta eins og einstaklingur eigi í hlut ef það einfaldar greinargerðina.

⁵„Radical Interpretation Interpreted“ (1994), bls. 126.

⁶Sjá Davidson 2001 [1973], bls. 135, og Davidson 2001 [1974], bls. 144.

íbyggið viðhorf til staðhæfinga sem felur í sér að staðhæfing sé sönn, eru þessar setningar fulltrúar skoðana í máli, jafnvel þótt við vitum ekki hvaða skoðanir þær tjá. Við sjáum því að verkefni okkar er ekki hægt að aðskilja frá því að taka afstöðu til þess hvaða skoðunum einstaklingar búa yfir: ef að sú túlkunarkenning sem væri í smíðum myndi til dæmis túlka mál einstaklingsins á þann veg að tréið sem hann benti á væri móðir hans, væri bæði mögulegt að eigna honum þá furðulegu skoðun, sem og að endurskoða þá merkingu sem túlkunarkenningin úthlutar setningunni. Í túlkunarferlinu stöndum við ítrekað frammi fyrir vali á milli þess að endurskoða hvernig við túlkum tiltekið mælt mál og að endurskoða þær skoðanir sem við eignum hinum túlkaða. Þannig erum við tilneydd til að smíða túlkunarkenningu sem er bæði kenning um skoðanir þeirra sem á að túlka og merkingu orða þeirra á sama tíma. Ef við byggjum yfir þekkingu á öðrum þessara þátta, þá gæti vitneskjan um hvaða setningar málnotandinn telur sannar mögulega gert okkur kleift að leysa út fyrir hinn þáttinn.

[A] speaker holds a sentence to be true because of what the sentence (in his languages) means, and because of what he believes. Knowing that he holds the sentence to be true, and knowing the meaning, we can infer his belief; given information about his beliefs, we could perhaps infer the meaning.⁷

En við túlkun frá rótum göngum við að hvorugum þessara þátta sem vísum. Og Davidson bendir á að þetta vandamál er ekki einungis bundið við túlkun af svo róttæku tagi, heldur kemur það einnig fram í samskiptum við aðila sem deila með okkur tungumáli, þá í formi spurningarinnar um það hvernig við getum verið viss um að við mælum á sömu tungu, að orðin og setningarnar sem við mælum hafi sömu merkingu.⁸ Við munum skoða lausn Davidson við þessu vandamáli innan skamms.

Svar Davidson við fyrri hluta spurningarinnar hér að ofan um hvers konar vitneskja myndi nægja til túlkunar, er túlkunarkenning sem mögulegt væri að

⁷Davidson 2001 [1973], bls. 134–135.

⁸Sama rit, bls. 125.

smíða við þessar aðstæður. Áður en við snúum okkur að seinni hluta spurningarinnar skulum við segja nokkur orð um hvernig Davidson telur að þessi túlkunarkenning gæti litið út. Innblásturinn sækir hann í skrif Alfred Tarskis um sannleikskenningar fyrir formleg mál, sem finna má í greininni „The Concept of Truth in Formalized Languages“. Þar sýnir Tarski hvernig gera má grein fyrir sannleikshugtakinu þegar hægt er að ganga að merkingu setninganna sem vísri. En þegar náttúruleg tungumál eiga í hlut, er merking einmitt fyrirbærið sem á að útskýra. Davidson leggur því til að við snúum dæminu við, að við lítum á sannleika sem grunnhugtak og notum það til að gera grein fyrir merkingu setninga. Samkvæmt honum er sannleikur frumstætt hugtak sem sérhver einstaklingur þarf að búa yfir ef hann á að geta skilið setningar, jafnvel þótt það sé hvorki skilgreinanlegt né smættanlegt í frumlægari hugtök. Þrátt fyrir að við vitum ekki alltaf hvort einhver tiltekin setning sé sönn eða ósönn, þá virðumst við í flestum tilfellum vita undir hvaða kringumstæðum við myndum fallast á þær. Með öðrum orðum telur hann að við vitum sannkjör þeirra.⁹ Ein af þeim kröfum sem við gerum til túlkunarkenningarinnar er að hún sé fær um að gefa okkur sannkjör sérhverrar setningar sem gæti verið sögð á viðfangsmálinu. Þetta gæti hún gert með setningum á eftirfarandi formi:

(T) s er sönn (í viðfangsmálinu) þá og því aðeins að p .

Þar sem s er setning á viðfangsmálinu og p er setning sem tilgreinir sannkjör hennar á málinu sem túlkunarkenningin er sett fram á. Athugum þó að Davidson er ekki að halda því fram að málnotendur smíði slíka kenningu við túlkun, hvorki meðvitað né ómeðvitað, heldur aðeins að setja fram kenningu um hvað myndi nægja til þessa verkefnis. Með því að skoða hvernig þeir gætu smíðað slíka kenningu við þær aðstæður sem við höfum lýst, það er að segja leitað svars við seinni hluta

⁹Davidson fjallar meðal annars um þetta í „The Folly of Trying to Define Truth“ (2005 [1996]) og „Truth Rehabilitated“ (2005 [1997]). Í seinni greininni skrifar hann: „Sentences are understood on the condition that one has the concept of objective truth.“ (bls. 16). Rökstuðning fyrir því að maður skilji setningu einungis ef maður þekkir sannkjör hennar má finna í „Problems of Rationality“, bls. 9–10.

spurningarinnar hér að ofan, hyggst hann þó geta varpað einhverju ljósi á málhæfni og hugsun almennt. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er að geta leitt T-setningar, líkt og setninguna hér að ofan, af málhegðun einstaklings og þekkingu okkar á umhverfi hans. Það er þetta vandamál sem *velvildarreglan* á að leysa.

2.2 Velvildarreglan

Við sáum hér að ofan að túlkun máls er óaðskiljanleg frá því að eigna mælandanum skoðanir. Þar sem við getum gengið að hvorugum þættinum sem vísun við túlkun frá rótum leggur Davidson til að við nálgumst eignun skoðana og úthlutun merkingar á heildrænan hátt með einni allsherjar túlkunarkenningu. Með því að færa rök fyrir vissum eiginleikum tungumála almennt, hyggst hann setja túlkunum aðferðafræðilegar skorður við smíði sína á kenningu.

Þannig telur Davidson að tungumál, alltént þau sem hægt er að læra, hafi endanlegan frumorðaforða¹⁰ (e. primitive vocabulary) og að af þessu leiði að túlkunarkenningu verði að vera hægt að setja fram á endanlegan máta. Ástæðan fyrir þessu er að við fæðumst án þess að þekkja orð tiltekinna tungumála og erum því tilneydd til að læra þau. Ef við gerum ráð fyrir að það taki endanlegan tíma að læra hvert orð og að líf okkar sé endanlegt, sést að við getum ekki lært óendanlegan fjölda orða. Þar sem túlkunarkenningin þarf að vera fær um að gefa merkingu óendanlegs fjölda setninga, verður því ekki hjá því komist að merking setninganna ráðist af samsetningu þeirra á einhvern hátt. Davidson hafnar þó þeim möguleika að hægt sé að úthluta setningarlutum fasta merkingu og reyna síðan að gera grein fyrir því hvernig merking setninganna ákvarðast af þeim. Davidson telur að slík nálgun, sem vísar til sjálfstæðra merkingarfyrirbæra sem eiga að samsvara merkingarbærum orðum eða setningum, hafi aldrei leitt af sér fullnægjandi kenningu fyrir merkingu, og það sem meira er, að slíkar kenningar

¹⁰Sjá t.d. Davidson 1994 (bls. 79), Davidson 2001 [1993] (bls. 42) og Davidson 2001 [1977]. Í „Theories of Meaning and Learnable Languages“ (2001 [1965], bls. 9), orðar Davidson þetta þannig að læranlegt tungumál búi yfir endanlegum fjölda merkingarlegra frumstaka, það er að segja segða sem hafa þann eiginleika að reglurnar sem gefa merkinu setninganna sem þær koma fram í nægja ekki til að gefa merkingu þeirra sem þær koma fram í. Í textanum tala ég um „orð“ til einföldunar.

hafi engan skýringarmátt.¹¹ Þess í stað leggur hann til að merking orða ákvarðist af þeim setningum sem þau koma fram í og að við getum nálgast merkingu þessara setninga með því að skoða þau tilvik þar sem málnotendur fallast á þær. Setningar fela í sér staðhæfingar ef þær hafa einhverja merkingu yfirleitt og vegna þessa hafa setningar röklega eiginleika sem tengja þær við aðrar setningar. Samkvæmt Davidson leiðir af þessu að merking sérhverrar setningar er háð merkingu annarra setninga og að málnotandi getur ekki tjáð einhverja staðhæfingu með setningu án þess að gera sér að einhverju leyti grein fyrir tengslum hennar við aðrar setningar.¹²

Vegna þessa verður túlkunarkenning fyrir málnotanda að vera heildræn á fleiri en einn vegu. Skoðanirnar sem við eignum málnotandanum verða að samrýmast heildar málhegðun hans og þær verða að vera röklega samkvæmar hvor annarri. Seinni hugmyndin leiðir af því skoðun, skilin sem íbyggð viðhorf, lýsir tengslum einstaklings við staðhæfingu og því verður að gera grein fyrir henni innan þess tengslanets sem hún myndar við önnur íbyggin viðhorf. Vegna þessara röklegu tengsla getur túlkurinn ekki réttilega eignað einstaklingi skoðun án þess að eigna honum mynstur nátengdra skoðana. Þessar tengdu skoðanir verða ennfremur að vera sannar frá sjónarhóli túlksins, því ef stór hluti þeirra er ósannur er ekki ástæða til að ætla að eignun skoðunarinnar sé réttlæt看leg. Til þess að geta gert grein fyrir mismunandi skoðunum þarf að gera ráð fyrir því að einstaklingar búi hver um sig yfir miklum fjölda sömu skoðana sem tengjast þeim, ef þessar mismunandi skoðanir eiga yfirleitt að geta verið um það sama.

Þessar hugmyndir setur Davidson fram sem *velvildarregluna* (e. principle of charity). Hún ráðleggur túlkinum að eigna hinum túlkaða sannar skoðanir hvar sem það er mögulegt, eða með öðrum orðum, að kjósa þær túlkunarkenningar sem lágmarka ósammæli fram yfir aðrar. Með því að beita velvildarreglunni getum við notað okkar eigin skoðanir sem leiðarvísi að skoðunum þess sem á að túlka. Ef við gerum auk þess ráð fyrir að hægt sé að skera úr um hvaða setningar sem

¹¹Sjá Davidson 2001 [1967] (bls. 19–22).

¹²Sjá t.d. Davidson 1994, bls. 79–80. Þessi afstaða hefur verið kölluð *merkingarfræðileg heildarhyggja* (e. semantic holism) og kemur víða fram í skrifum Davidson.

einstaklingurinn mælir hann telur sannar, þá gefa gagnkvæm tengsl skoðana og merkingar okkur kleift að úthluta (tímabundið) þessum setningum merkingu. Eftir því sem gögnin sem við byggjum túlkunarkenninguna okkar á aukast, getum við prófað þessa úthlutun og breytt henni í samræmi við áframhaldandi málhegðun. Eignun skoðana og úthlutun merkinga fer fram eftir okkar eigin viðmiðum, en þegar merkingarkenningin er farin að taka á sig mynd getur verið að það falli betur að heildarkenningunni að eigna viðkomandi ósannar skoðanir. Með þessu móti komumst við sífellt nær allsherjar túlkunarkenningu sem nær yfir bæði merkingu máls og skoðanir þess sem á að túlka.

Með því að gera ráð fyrir röklegri samkvæmni milli skoðana einstaklings og að þessar skoðanir séu í grófum dráttum þær sömu og okkar, gerir velvildarreglan okkur kleift að skilja málhegðun hvors annars. Hún er ekki einungis handhægt tól sem við getum leitað til þegar grunur leikur á misskilning, heldur skilyrði fyrir því að merkingarbær samskipti eigi sér stað:

[I]f the meaning of words are due to the sentences in which they occur and which are held true (and the relationship of those sentences to other sentences held true), then there are limits to how much of what the interpreter deems to be error the interpreter can attribute to a speaker.¹³

Ef að þau rök sem við höfum farið í gegnum hér að ofan eru rétt, hafa þau í för með sér að tveir einstaklingar geta ekki túlkað hvorn annan réttilega án þess að þeir deili í grófum dráttum sömu heimsmynd, það er að segja að þeir eru að miklu leyti sammála í skoðunum sínum. Sá möguleiki er þó enn fyrir hendi að þeim skjátlist hrapalega. Það er hins vegar hér sem alvitri túlkurinn kemur til skjalanna.

Davidson býður okkur að ímynda okkur að við eigum í samskiptum við alvitran túlk. Þegar hann túlkar okkur fer hann í gegnum sama ferli og við sjálf: hann eignar okkur skoðanir og túlkar mál okkar á grunni sinna eigin skoðana. Réttmæt túlkun hvílir á grófu sammæli skoðana, og þar sem skoðanir túlksins eru samkvæmt skilgreiningu sannar, virðist sem svo að meirihluti skoðana okkar — sá

¹³Davidson 2005 [1993], bls. 43.

hluti þeirra sem við deilum með alvitra túlkinum — séu það einnig. Okkur getur skjátlást um heiminn í hinum ýmsu smáatriðum, en einungis ef að heimsmynd okkar er að mestu leyti rétt.

Þessum alvitra túlki hefur verið tekið mis vel af gagnrýnendum Davidson og í seinni skrifum hans hefur honum verið skipt út fyrir nánari greiningu á túlkunarferlinu. Hann kemur síðast fram í greininni „Method and Metaphysics“,¹⁴ en þar býður Davidson einnig upp á „litríkari sögu“ um það af hverju réttmæt túlkun á málnotanda þvingar túlkinn til að eigna honum *sannar* skoðanir.¹⁵ Davidson hefur látið hafa eftir sér að hann sjái eftir því að hafa kynnt alvitra túlkinn til sögunnar og að hægt sé að komast að sömu niðurstöðu án þess að vísa til hans.¹⁶ Þess vegna munum við fyrst og fremst beina sjónum okkar að þeim hugleiðingum sem eiga að ganga í hans stað.

Samkvæmt þeim gerir réttmæt túlkun ekki einungis ráð fyrir velvildarreglunni eins og við höfum lýst henni hér að ofan, það er að segja sem heildrænni nálgun á merkingu og skoðanir sem þvingar sammæli milli túlks og hins túlkaða. Réttmæt túlkun þarf einnig að gera ráð fyrir orsakatengslum milli hins túlkaða og umhverfis hans, að gera ráð fyrir að breytni hans sýni hvernig hugsanir hans verka á heiminn og að ytri heimurinn verki á skoðanir hans í gegnum skynjun.¹⁷ Í greininni „Three Varieties of Knowledge“¹⁸ gerir Davidson frekari grein fyrir þessum tveimur aðferðafræðilegu reglum sem við þurfum að gera ráð fyrir við túlkun og talar um þær sem tvo þætti velvildarreglunnar. Annars vegar er það „samkvæmnisreglan“ (e. principle of coherence) sem ráðleggur túlkinum að gera ráð fyrir röklegri samkvæmni í skoðunum þess sem á að túlka. Hins vegar er það

¹⁴Davidson 2005 [1993].

¹⁵Davidson 2005 [1993], bls. 45.

¹⁶Í neðamnálgrein (L&L 2005, bls. 322, n.m.gr. 241) skrifa Ludwig og Lepore að Davidson hafi lýst þessari eftirsjá sinni yfir í samræðum. Sjá einnig Davidson 1999a: „I also agree . . . that the argument that summons up an Omniscient Interpreter does not advance my case. As with Swampman, I regret these sorties into science fiction. . . .If the case can be made with an omniscient interpreter, it can be made without, and better.“(bls. 192).

Áhugaverða nálgun á rökin frá alvitra túlkinum má finna í Goldberg 2003. Hún byggir á háttar-ökfræði og leggur mun jákvæðara mat árangur þeirra.

¹⁷Davidson 2005 [1993], bls. 45.

¹⁸Davidson 2001 [1991]. Sjá einnig Davidson 2001 [1983].

„samsvörunarreglan“ (e. principle of correspondence) sem segir að túlkurinn verði að gera ráð fyrir að hinn túlkaði bregðist við sömu einkennum eða atburðum í umhverfinu og hann myndi bregðast við í svipuðum kringumstæðum, eða að orsakasamband milli skoðana og merkingar hins túlkaða og atburða og hluta í umhverfinu sé virt. Saman sjá þessar reglur til þess að túlkurinn neyðist til að eigna hinum túlkaða að mestu leyti það sem túlkurinn sjálfur telur vera röklega samkvæmar og sannar skoðanir um heiminn. Ennfremur færir Davidson rök fyrir því að þessar skoðanir séu ekki einungis sannar frá sjónarhóli túlksins, heldur sannar í þeim skilningi að þær lýsi því hvernig heimurinn er í raun og veru. Í næsta kafla mun ég stuttlega gera grein fyrir þeim hugleiðingum sem liggja að baki þessum rökum.

2.3 Sjónarhorn þriðju persónu og þríhyrningun

Þegar Davidson velur túlkun sem upphafsreit fyrir rannsóknir sínar á merkingu og hugsun hefur það afdrifaríkar afleiðingar fyrir það hvernig beri að líta á hvort tveggja. Það er ekki eigið huglægt sjónarhorn einstaklings sem ákvarðar innihald skoðana hans eða merkingu orðanna sem hann mælir, heldur ákvarðast bæði skoðanir og merking af samskiptum hans við annað fólk og sambandi okkar við sameiginlegan ytri heim. Það er einmitt þetta samspil túlks, hins túlkaða og ytri heims í þessari ákvörðun sem rökfærslan um alvitra túlkinn lýsir. Þessi nálgun er einnig orðuð svo að sjónarhorn þriðju persónu, sem holdgerist í róttæka túlkinum og vísar til þess sjónarhorns sem við deilum með öðrum á sameiginlegan almennan heim, liggi til grundvallar þegar kemur að því að skilja merkingu og hugsun. Að segja að sjónarhorn þriðju persónu liggi öðrum til grundvallar þýðir að við getum ekki séð heiminn frá öðru sjónarhorni, til dæmis frá fyrstu persónu sjónarhorninu sem Descartes gengur út frá í *Hugleiðingum um frumspeki*, nema að því gefnu að við búum þegar yfir sameiginlegu sjónarhorni á almennan heim, sem við deilum með öðrum í gegnum tungumál. Þetta felur í sér að tungumál eða samskipti eru nauðsynleg skilyrði hugsunar, að minnsta kosti þess hluta hugsunar sem fellur

undir íbyggjin viðhorf. Þessi niðurstaða ætti ekki að koma á óvart í því samhengi sem Davidson setur hana fram, þar sem sérhver tilraun til að draga niðurstöður um eðli íbygginna viðhorfa af því sem þarf að gera ráð fyrir við túlkun gerir á vissan hátt ráð fyrir því að einungis málnotendur séu færir um hugsun.

Í seinni tíð hefur Davidson lýst þessu sambandi tveggja einstaklinga við sameiginlegan ytri heim með hugmyndinni um *þríhyrningun* (e. triangulation),¹⁹ sem er á vissan hátt útvíkkun á hugmyndinni um túlkun frá rótum. Á meðan sú síðarnefnda lýsir samskiptum tveggja einstaklinga sem skilja ekki mál hvors annars, en eru þó báðir málnotendur, á þríhyrningun einnig við um þegar einungis annar eða hvorugur einstaklinganna er málnotandi. Nafn hugmyndaþinginnar kemur frá hliðstæðri aðferð sem nýtir sér eiginleika þríhyrninga til þess að reikna út fjarlægð einhvers tiltekins punkts. Ef til stendur að reikna fjarlægð skips frá strönd sem maður er staddur á, er hægt að velja tvo punkta á grunnlínu sem liggur eftir ströndinni og mæla síðan hornið á milli grunnlínunnar og þeirra lína sem liggja að skipinu frá hvorum punktinum fyrir sig. Með einföldum hornafallareikningi má síðan reikna fjarlægð skipsins út frá þessum tveimur hornum og lengd grunnlínunnar. Davidson notar þessa hugmynd meðal annars til að færa rök fyrir því að það sé fyrst þegar tveir einstaklingar hafa hvort sitt sjónarhorn á sameiginlegan ytri heim og tengja svipuð viðbrögð hvors annars við svipaðar hvatir í umhverfi þeirra, sem hægt er að tala um að viðbrögð þeirra séu viðbrögð við þessum tilteknu hvötum en ekki einhverjum öðrum.²⁰ Í þessu felst viss tegund af úthyggju um merkingu og innihald skoðana sem segir að hvort tveggja sé, að minnsta kosti að hluta til, ákvarðað af tengslum okkar við umhverfið. Það eru þeir hlutir og atburðir í umhverfi okkar sem orsaka skoðanir okkar er snúa að því, sem eru jafnframt viðföng þessara sömu skoðana og ljá þeim innihald. Ef ekki væri fyrir tvö sjónarhorn á sameiginlegan ytri heim, gætum við ekki ákvarðað hvað þessar

¹⁹Davidson lýsir þríhyrningun fyrst í „Rational animals“ (2001 [1982]) þar sem hann færir rök fyrir því að hugtakið um hlutlægan sannleika geti einungis sprottið upp úr því ferli sem hún lýsir. Þessi hugmynd leikur stórt hlutverk í heimspeki Davidson þegar líður á ferilinn, sjá m.a. „Three Varieties of Knowledge“ (2001 [1991]), „The Second Person“ (2001 [1992]), „What Thought Requires“ (2004 [2001]), „Externalisms“ (2001d).

²⁰Davidson 2001 [1991], bls. 212.

skoðanir væru um, hvort þær væru til dæmis um atburði sem ættu sér stað fjarri einstaklingnum eða á hornhimnu hans. Davidson heldur því fram að þær kringumstæður sem þríhyrningun lýsir séu nauðsynlegar til þess að ákvarða innihald skoðananna sem snúa að þáttum í umhverfinu, en án slíkrar ákvörðunar telur hann að það væru engar skoðanir eða merking. Þar sem þær kringumstæður tengja skoðanir beint við þá þætti sem eru orsakir þeirra, dregur Davidson þá niðurstöðu að þessum skoðunum getur ekki skjátlást að miklu leyti.

Sem útvíkkun á hugmyndinni um róttæka túlkun má segja að þríhyrningun nái yfir þrjú stig samskipta.²¹ Fyrsta stigið, þegar hvorugur einstaklingurinn er málnotandi, lýsir kringumstæðum sem samkvæmt Davidson eru nauðsynlegar (en þó ekki nægjanlegar) til þess að hugsun og merking geti komið fram. Annað stigið, þegar einungis annar aðilinn er málnotandi, lýsir því hvernig einstaklingur tekur fyrstu skrefin í áttina að því að verða málnotandi með því að tengja málleg viðbrögð málnotandans (kennarans) við hluti eða kringumstæður í umhverfinu sem hann bendir á. Á þessu stigi málsins er þó ekki enn hægt að tala um að nemandinn sem á í hlut sé málnotandi eða búi yfir íbyggnum afstöðum.²² Hann tengir hljóð sem kennarinn gefur frá sér við afmarkaða þætti í umhverfinu, en hann er ekki í aðstöðu til að efast um hvort beiting þessara hljóða af hálfu kennarans sé réttmæt. Það er ekki fyrr en nemandinn fer sjálfur að prófa sig áfram í notkun þessara hljóða, og kennarinn gengur í það hlutverk að leiðrétta hann þegar um mistök er að ræða, sem hægt er að tala um að hann læri þau hugtök sem orðin eða setningarnar tjá. Davidson bendir á að frá sjónarhóli nemandans sé ekki rétt að tala um að hann sé að læra fyrirfram gefna merkingu orðanna, heldur frekar að þessi orð öðlist merkingu fyrir nemandann út frá þeim kringumstæðum sem hann lærir þau í. Ennfremur heldur hann því fram að þær kringumstæður sem hér hefur verið lýst séu þær einu sem geti verið uppspretta hugmyndarinnar um ranga beitingu hugtaka og að hugmyndin um hugtak feli í sér að því geti verið ranglega beitt. Með öðrum orðum er ómögulegt að einstaklingur búi yfir hugtökum — sem

²¹Sjá t.d. Davidson 2001e, bls. 292–294.

²²Sjá til dæmis Davidson 2005 [1997] (bls. 13–16) og Davidson 2001d (bls.13–14).

aftur er nauðsynlegt skilyrði hugsunar — án þess að hann geri sér grein fyrir að það sé eitthvað óháð honum sjálfum sem ákvarðar hvort hann noti þessi hugtök á réttan hátt eða ekki.

In the beginning there is not a word but a sound being given a use. The teacher sees the learner as picking up a bit of language with a meaning already there; the learner has no idea of prior meaning or use: for the learner, what was meaningless before now takes on significance. In the early stage of ostensive learning, error has no point for the learner, for there is nothing for him to be wrong about, and where error has no point, there is not a concept or thought.²³

Máltakan sem annað stig þríhyrningunar lýsir er þannig gagnvirkt samband málnotanda og nemanda við sameiginlegan ytri heim, þar sem málnotandinn er í hlutverki mælikvarða á rétta beitingu orða nemandans, sem og þeirra hugtaka sem fylgja þeim. Þess vegna er réttara að segja að þessi orð öðlist merkingu fyrir nemandann út frá þeim kringumstæðum sem hann lærir þau í, frekar en að málnotandinn sé að miðla merkingu orðanna til nemandans. Í þessum grunnaðstæðum eru það þeir hlutir og atburðir í sameiginlegu umhverfi þeirra sem eru orsakir mállegra viðbragða, sem um leið eiga þátt í að ákvarða merkingu þessara viðbragða og innihald skoðananna sem fylgja þeim. Það er vegna þessa sem merking og innihald skoðana eru frá upphafi nátengd sameiginlegum ytri heim.²⁴

[T]his not just a story about how we learn to use words: it must also be an essential part of an account of what words refer to, and what they mean. [...]

[I]n the simplest and most basic cases, words and sentences derive their meaning from the objects and circumstances in whose presence they were

²³Davidson 2005 [1997], bls. 14.

²⁴Það er ekki ljóst hve stórt hlutverk máltakan á að leika í greinargerð hans fyrir ákvörðun merkingar og innihalds hugsunar. Við fyrstu sýn virðist jafnvel sem alvarleg togstreita sé á milli þess að vísa til slíkra sögulegra þátta í þessari ákvörðun og þeirrar afstöðu Davidson að merking og innihald skoðana séu að öllu leyti ákvörðuð af upplýsingum sem eru tiltækar við túlkun frá rótum. Við munum skoða þessi mál nánar í þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar.

learned. [...] Of course very many words and sentences are not learned this way; but it is those that are that anchor language to the world.²⁵

Þessi greinargerð fyrir máltöku er síðan á vissan hátt yfirfærð á þriðja stig þríhyrningunar, túlkun frá rótum, ásamt áherslunni sem þar er lögð á að þeir hvatar í umhverfinu sem eru orsakir mállegra viðbragða okkar við því, ákvarði að hluta til merkingu þessara sömu viðbragða. Þríhyrningunarlíkanið fyrir tvo málnotendur bætir þó að vissu leyti við túlkun frá rótum með því að eyða greinarmuninum á túlki og hinum túlkaða. Því er betur lýst sem samhverfu og gagnvirku sambandi milli tveggja aðila heldur en sambandi túlks og viðfangs hans. Það er vegna þessarar greinargerðar sem Davidson segir að þær skoðanir okkar sem snúa að okkar nánasta umhverfi eru að mestu leyti réttar.

Sometimes skepticism seems to rest on a simple fallacy, the fallacy of reasoning from the fact that there is nothing we might not be wrong about to the conclusion that we might be wrong about everything. The second possibility is ruled out if we accept that our simplest sentences are given their meanings by the situations that generally cause us to hold them true or false, since to hold a sentence we understand to be true or false is to have a belief.²⁶

Ef sú mynd sem hér hefur verið dregin upp af málhæfni og hugsun er rétt, virðist hún samtímis veita okkur rök gegn efahyggju um hinn ytri heim, um aðra hugi og innihald okkar eigin hugsana.²⁷ Samkvæmt henni eru málleg samskipti við aðra hugsandi einstaklinga nauðsynlegt skilyrði þess að okkar eigin hugsanir hafi innihald og þessi samskipti verða að eiga sér stað í þríhyrningarvenslum við sameiginlegan ytri heim sem báðir einstaklingarnir gera sér grein fyrir að þeir deila. Þar að auki erum við ekki í aðstöðu til að eigna öðrum hugsanir án þess að vita hvað við hugsum, þar sem það að eigna öðrum hugsanir er að tengja hegðun einstaklinga við okkar eigin íbyggju viðhorf. Þessar þrjár tegundir þekkingar eru

²⁵Davidson 2001 [1988], bls. 43-45.

²⁶Davidson 2001 [1988], bls. 45

²⁷Davidson 2001 [1991], bls. 213-214.

þannig innbyrðis háðar og ómögulegt er að búa yfir einni tegundinni án hinna tveggja.

Í næsta hluta þessarar ritgerðar munum við fylgja greinargerð Ludwig og Lepore fyrir þessum sömu rökum og þeim þáttum í heimspeki Davidson sem tengjast þeim.

3 Umfjöllun og gagnrýni Ludwig og Lepore

Í bók Ludwig og Lepore, *Donald Davidson: Meaning, Truth, Language, and Reality*, má finna ýtarlega og gagnrýna greinargerð fyrir þeim hluta höfundarverks Davidson sem á rætur sínar að rekja í málspeki og merkingarfræði.²⁸ Í þessum hluta mun ég fjalla um þá þætti greinargerðar þeirra er snúa að túlkunarferlinu og höfnun Davidson á víðtækri efahyggju. Hafa ber í huga að umfjöllun L&L er umfangsmeiri en svo að hægt sé að gera tæmandi grein fyrir henni í svo stuttu máli. Markmið mitt er því frekar að varpa ljósi á túlkun þeirra á þeim þáttum sem þegar hafa komið fram í fyrsta hluta hér að ofan og innbyrðis tengslum þeirra á milli, auk þess að setja fram og meta þá hluta gagnrýni þeirra sem veða hvað þyngst.

3.1 Röksemdafærslan

L&L setja andsvar Davidson við efahyggju fram sem eftirfarandi röksemdafærslu:²⁹

- (L1) Að vera málnotandi er að vera túlkanlegur af öðrum málnotendum.
- (L2) Til þess að vera túlkanlegur af öðrum málnotendum, verður maður að hafa rétt fyrir sér að mestu leyti, ekki einungis í almennum skoðunum manns, heldur einnig í skoðunum manns um umhverfi sitt.
- (L3) Þar af leiðandi, að vera málnotandi er að hafa rétt fyrir sér að mestu leyti, ekki einungis í almennum skoðunum manns, heldur einnig í skoðunum manns um umhverfi sitt.

L&L taka hér sérstaklega fram að *almennar* skoðanir dugi ekki til vegna þess að sá rökstuðningur sem (L2) gæti sótt í heildarhyggju eina og sér virðist ekki tryggja að sértækar skoðanir um umhverfi manns séu sannar. Við skoðum þetta atriði nánar í kafla 2.3. L&L benda á að ef þessi röksemdafærsla á að geta verið *andsvar* við

²⁸Lepore og Ludwig 2005. Í því sem eftir er af þessari ritgerð mun ég vísa til þeirra með 'L&L'.

²⁹L&L 2005, bls. 329-330.

efahyggju getur hún ekki byggt á neinni þekkingu á hinum ytra heimi, þar sem efahyggjumaðurinn telur sig einmitt hafa *a priori* rök á móti möguleikanum á slíkri þekkingu. Því segja þeir að okkur beri að líta svo á að Davidson geri ráð fyrir því að hafa *a priori* rök fyrir báðum forsendunum.

Önnur forsendan hér að ofan sækir rökstuðning í velvildarregluna og styrkur hennar veltur samkvæmt L&L að miklu leyti á því hvort þær upplýsingar og aðferðir sem túlkurinn hefur til að vinna með eru takmarkaðar á þann hátt sem lýst er í túlkunarferlinu frá rótum. Ef það er tilfellið segir forsendan einungis að maður verði að hafa rétt fyrir sér um umhverfið til þess að vera túlkanlegur frá rótum. L&L telja að samkvæmt Davidson beri að skilja forsenduna á þennan hátt og eru tilbúnir til að samþykkja hana. Athugum að hér færist þunginn af röksemdafærslunni frá sjálfstæðum rökum fyrir velvildarreglunni yfir á rök fyrir möguleikanum á túlkun frá rótum og rök fyrir því að sú þekkingarfræðilega staða sem hún lýsir liggir til grundvallar við túlkun almennt.³⁰ Við förum betur yfir umfjöllun L&L um velvildarregluna og þann rökstuðning sem finna má fyrir henni í tveimur næstu köflum, en einbeitum okkur nú að fyrri forsendunni.

L&L benda á að það má skilja forsendu (L1) á fleiri en einn vegu. Hægt er að skilja hana sem svo að fyrir *sérhvern* málnotanda *s sé til* málnotandi *s'* og umhverfi *e*, þannig að *s* sé túlkanlegur af *s'* í *e*. En ef hún er skilin á þennan hátt virðist hún ekki nægja fyrir röksemdafærsluna þar sem við getum einungis dregið þá niðurstöðu að sá möguleiki sé fyrir hendi að málnotandi hafi sannar skoðanir á umhverfi sínu í einhverju umhverfi, en ekki að það eigi við um sérhvert umhverfi. Þar með höfum við enga tryggingu fyrir því að við höfum rétt fyrir okkur um það umhverfi sem við erum í raun stödd í. En við getum einnig skilið forsenduna sem svo að fyrir *sérhvern* málnotanda *s*, *sérhvern* málnotanda *s'* og *sérhvert* umhverfi *e* gildi að *s'* geti túlkað *s* í *e*. Skilin á þennan hátt nægir forsendan vissulega fyrir röksemdafærsluna, en það er ekki hlaupið að því að rökstyðja hana. Sú hugmynd

³⁰Davidson hefur haldið því fram að rök sín fyrir velvildarreglunni hvíli ekki á því hvort að túlkun frá rótum sé möguleg (Davidson 1994), þvert á túlkun L&L. Við munum fara betur í þetta í síðasta hluta þessarar ritgerðar.

sem á að liggja að baki henni er að tungumál er í eðli sínu samskiptamiðill, svo það virðist sem að það sé ósamræmi fólgið í því að hugsa sér málnotanda sem ekki gæti túlkað aðra og verið túlkaður. En þessi hugmynd segir aðeins að maður geti ekki verið málnotandi nema mögulegt sé að maður eigi í samskiptum við einhvern annan við viðeigandi aðstæður, og það nægir ekki fyrir svo sterka niðurstöðu. En L&L benda á að það er hægt að skilja forsenduna á enn annan veg: fyrir *sérhvern* málnotanda *s* er til málnotandi *s'*, þannig að í *sérhverju* umhverfi *e*, getur *s'* túlkað *s* í *e*. Skilin á þennan hátt dugar forsendan fyrir röksemdafærsluna, en heldur hins vegar opnum möguleikanum á róttækum mismun milli hugtakakerfa, sem Davidson hafnar.³¹

L&L draga því þá ályktun að forsenda (L1) eigi að vera skilin sem svo að hún gildi um sérhverja tvo málnotendur *s* og *s'* og sérhvert umhverfi *e*. Þeir benda á að spurningin um hve traustum fótum hún stendur er nátengd þeirri spurningu hvernig okkur beri að líta á meginhugtök túlkunarkenninga: merkingu, skoðun og önnur íbyggin viðhorf. Ef þetta eru fræðileg hugtök sem er einungis beitt réttilega í því að gera grein fyrir sérstakri tegund hegðunar sem felur í sér málhæfni, eins og Davidson virðist halda fram, virðumst við geta gert ráð fyrir að einstaklingur sem ómögulegt er að túlka á grundvelli hegðunar sinnar sé einfaldlega ekki málnotandi.³² Það er þessi ætlun Davidson, að þriðju persónu sjónarhornið liggi öðrum til grundvallar þegar gera á grein fyrir skoðun og merkingu, sem samkvæmt L&L liggur hvað mest til grundvallar greinargerð hans fyrir túlkun frá rótum og niðurstöðunum sem hann dregur af henni. Við fylgjum umfjöllun þeirra um hana í kafla 2.5, en snúum okkur fyrst að greinargerð þeirra fyrir velvildarreglunni og þeim rökum sem styðja hana.

³¹Sjá til dæmis „On the Very Idea of a Conceptual Scheme“ (2001a [1974]).

³²L&L 2005, bls. 334.

3.2 Velvildarreglan

Davidson gerði sjálfur aldrei nákvæma grein fyrir velvildarreglunni í verkum sínum. Við lestur verka hans virðist heldur vera að undir heitið velvildarreglan falli fjöldi aðskildra aðferðafræðilegra regla. Hér einbeitum við okkur að þeim hluta hennar sem á að gera túlkinum kleift að smíða túlkandi sannleikskenningu fyrir tungumál. Ludwig og Lepore setja fram nokkrar tillögur um hvernig sú framsetning gæti litið út, með hliðsjón af umræðu Davidsons um hlutverk hennar, og meta hverja þeirra fyrir sig með tilliti til árangurs í túlkun og þess rökstuðnings sem finna má fyrir þeim.

Röksemdafærslan gegn víðtækri efahyggju þarfnast þeirrar forsendu að skilyrði fyrir því að málnotandi sé túlkanlegur af öðrum málnotendum, sé að hann verði að hafa að mestu leyti rétt fyrir sér, ekki einungis varðandi almennar skoðanir sínar, heldur einnig tilteknar skoðanir sem snúa að umhverfi hans. Velvildarreglan verður einnig að gera okkur kleift að smíða nýtanlega túlkunarkenningu, sem samkvæmt Davison tæki á sig mynd túlkandi sannleikskenningar.

Eins og áður hefur komið fram lýsir túlkun frá rótum ferlinu þar sem túlkurinn stendur frammi fyrir því að gefa og sannreyna túlkunarkenningu um merkingu og skoðanir málnotenda út frá hegðun þeirra, án þess að ganga að öðrum þættinum sem vísun. Hvaða setningar málnotendur álíta sannar ákvarðast af því hvaða skoðunum þeir búa yfir og hvað þeir telja að setningar þeirra merki, afstætt við samhengi. Samkvæmt Davidson getum við mögulega borið kennsl á þessar setningar án þess að gera ráð fyrir þekkingu á öðrum hvorum þessara þátta. Þær setningar sem gætu veitt okkur fyrstu innsýn inn í tungumál málnotenda væru svokallaðar *tilefnissetningar* (e. occasion sentences). Um þær gildir að hægt er að finna fylgni milli afstöðu málnotandans til sanngildis þeirra og atburða eða kringumstæðna í umhverfi hans. Af þessum setningum og þeim skilyrðum sem gilda þegar málnotendur telja þær sannar getum við með tilliðslu fengið lögmál á forminu:

(L) Fyrir alla málnotendur S og tíma t , að öllu jöfnu, telur S setningu s sanna á t þá og því aðeins að p .

Svið ' S ' nær yfir meðlimi málfélagsins sem á að túlka og ' p ' stendur fyrir opna setningu sem er háð tíma og ef til vill fleiri samhengisþáttum sem geta verið skilyrði fyrir því að málnotandi telji s sanna. Að lokum stendur ' s ' fyrir tilefnissetningu. L-setningar tjá undir hvaða skilyrðum málnotendurnir telja setningar sannar og eru þau gögn sem við byggjum túlkunarkenninguna á. Við höfum þörf fyrir „að öllu jöfnu“ klausuna (lat. *ceteris paribus*) því hér er ekki um að ræða ströng lögmál líkt og lögmál eðlisfræðinnar. Túlkurinn verður að geta hafnað vissum L-setningum ef að það gerir heildarmálhegðun þess sem á að túlka betri skil. En ef við eigum að vera fær um að gefa og sannreyna túlkunarkenningu er ekki nóg að lögmálin okkar gefi skilyrðin fyrir því að málnotendur *telji* setningu sanna, heldur verða þau að gefa skilyrðin fyrir því að setning *sé sönn*. Þau verða því að vera á forminu:

(TF) Fyrir alla málnotendur S og tíma t er s sönn fyrir S þá og því aðeins að p .

Velvildarreglan er eitthvað sem við getum gert ráð fyrir að túlkurinn viti sem gerir honum kleift að brúa bilið milli þessara tveggja gerða lögmála, án þess þó að gera ráð fyrir neinu öðru um málnotendurna en að þeir séu málnotendur. Sú brúunarregla þarf einnig að vera tekin með „að öllu jöfnu“ fyrirvaranum.

L&L taka til umfjöllunar þrjár mismunandi framsetningar á velvildarreglunni sem þeir greina í skrifum Davidson:

(V1) Að öllu jöfnu, eru sannleiksafstöður málnotenda til tilefnissetninga sannar.

(V2) Að öllu jöfnu, eru skoðanir málnotenda um umhverfi sitt sannar.

(V3) Að öllu jöfnu, eru túlkurinn og hinn túlkaði sammála um umhverfi þess sem á að túlka.

Þriðja framsetningin er sú sem við höfum kallað sammæli og byggt er á í röksemdafærslunni frá alvitrum túlk. Vandinn við hana er að hún nægir ekki til að leiða TF-setningar af L-setningum: okkur vantar eitthvað meira til að komast frá sammæli milli túlks og hins túlkaða til sameiginlegrar *sannrar* myndar af heiminum.

Við erum í leit að túlkunarkenningu sem gefur okkur ekki einungis réttar niðurstöður fyrir fyrri málhegðun þess sem á að túlka, heldur einnig fyrir málhegðun sem við kæmum til með að verða vitni að í framtíðinni eða sem við hefðum getað orðið vitni að í fortíðinni hefði fortíðin verið á annan veg. Þau lögmál sem við tjáum í formi TF-setninga þurfa því að getað náð yfir slíkar setningar.

Það sem L&L finna að (V1) er að jafnvel þótt hægt væri að sýna fram á að hún uppfyllti þetta síðastnefnda skilyrði, þá myndi hún ekki nægja fyrir túlkun. Það er vegna þess að hún fjallar um sannleiksafstöðu málnotanda til tilefnissetninga, það er að segja skoðanir um setningar, en ekki skoðanir um umhverfi hans. Til þess að TF-setningar nægi fyrir túlkun þurfa þær í minnsta lagi að tjá sannkjör setninganna. Sannleiksafstaða til tilefnissetningar ákvarðast af merkingu hennar og einhverjum skoðunum einstaklingsins. Við erum á höttunum eftir leið til þess að halda þessum skoðunum föstum á meðan við leysum út fyrir merkinguna. En (V1) gerir okkur aðeins kleift að halda skoðunum um setningar föstum, ekki sjálfum skoðununum sem tilefnissetningarnar lýsa, skoðunum sem samkvæmt skilgreiningunni á tilefnissetningum spretta af umhverfi hans. Vegna þessa þarfnast túlkurinn að minnsta kosti (V2): að gera ráð fyrir að þær skoðanir hans um umhverfi hans sem spretta frá því, það er að segja skoðanir með innihald sem lýst er með tilefnissetningum, sé að öllu jöfnu sannar.

L&L telja þó að (V2) dugi heldur ekki til. Ef að brúunarreglan á að leiða af sér TF-setningar sem nýtast við túlkun er ekki nóg að hún geri kröfu um að skoðanir þess sem á að túlka sem snúa að umhverfi hans séu sannar. Ef það á að vera hægt að lesa merkingu málsins út frá TF-setningum, verður einnig að tryggja að sönnu skoðanirnar séu tengdar umhverfisskilyrðunum sem þær spretta frá þannig að

framsetning þessara skilyrða tilgreini innihald skoðananna.³³ Í þessu auginamiði setja þeir fram sína eigin útgáfu af brúunarreglunni:

(V4) Látum

(S) S hefur skoðunina p á tíma t .

Þá gildir að öllu jöfnu að þegar við skiptum ' p ' í (S) út fyrir setningu sem tjáir innihald skoðunar S sem sprettur úr umhverfi hans, þá tjáir setningin einnig þau skilyrði í umhverfi S sem skoðunin sprettur frá.

Athugum að (V4) felur í sér (V2), og því einnig (V1) og (V3), hvenær sem málnotandi er túlkanlegur frá rótum. Samkvæmt L&L nægir hún einnig til þess að TF-setningarnar sem hún leiðir af sér séu túlkandi, að því gefnu að við samþykkjum tvær forsendur:

(F1) L-setningar sem túlkurinn staðfestir greina að öllu jöfnu frá þeim skilyrðum sem gilda þegar málnotandi telur setningu sanna. Þær skoðanir sem eru grunnurinn fyrir því að málnotandinn telur setninguna sanna eru um þessi sömu skilyrði, ef þau eru um einhver skilyrði.

(F2) Að öllu jöfnu gildir að málnotandi S telur s sanna á tíma t af þeirri ástæðu (og engri annarri en) að: hann veit að s merkir að p (afstætt við S og t); hann trúir p ; hann veit að ef s merkir p (afstætt við S og t), þá er s sönn (afstætt við S og t) þá og því aðeins að p .

Hér á að skilja það að skoðanir séu grunnur þess að málnotandi telji setningu sanna, eins og gert er í fyrri forsendunni, í skilningi seinni forsendunnar. Til að sjá að (V4) nægir fyrir túlkun, skulum við gera ráð fyrir að við höfum L-setningu fyrir

³³L&L, bls. 193.

málnotanda og eftirfarandi setningu sem er sprottin af skilyrðum p' háð föstum tíma t' :

(L') Að öllu jöfnu gildir að S' telur s' sanna á t' þá og því aðeins að p' .

Við vitum að S' telur s' sanna á grunni einhverrar skoðunar á tíma t' . (V4) gefur okkur að sú skoðun sem er grunnurinn fyrir því að S' telur s' sanna er um skilyrðin sem skoðunin sprettur frá. (F1) gefur okkur þá að p' lætur í ljós réttu skilyrðin og sú seinni gefur okkur að s' tjáir innihald þeirrar skoðunar afstætt við S' og t' . Af þessu getum við leitt að S' telur, að öllu jöfnu, að s' sé sönn á t' , þá og því aðeins að s' merki að p' , afstætt við S' og t' . En þá gildir að öllu jöfnu að setningin hér fyrir neðan er sönn, þar sem (og af því að) setningin til hægri túlkar setninguna til vinstri.

s' er sönn, afstætt við S' og t' þá og því aðeins að p' .

Og þetta nægir fyrir túlkun.

3.3 Rökstuðningur fyrir velvildarreglunni

L&L benda á að ef röksemdafærslan gegn víðtækri efahyggja sem sett var fram hér að ofan á að hafa eitthvað bit getur hún ekki gengið að þekkingu á heiminum vísri til að færa rök fyrir því að við höfum þekkingu á þessum sama heimi. Með öðrum orðum þarf hún að vera studd *a priori* rökum. Þar sem velvildarreglan er mikilvægur hluti þeirrar röksemdafærslu, verður það sama að gilda um þau rök sem eiga að styðja hana. L&L greina frá þremur röksemdafærslum fyrir velvildarreglunni sem finna má í skrifum Davidson.

Fyrsta röksemdafærslan sem þeir taka fyrir er í grófum dráttum sú sem farið var í gegnum í fyrri hluta þessarar ritgerðar, það er að segja röksemdafærslan frá hóflegri heildarhyggju um innihald skoðana.³⁴ Davidson segir að við berum kennsl

³⁴Þessa röksemdafærslu má meðal annars finna í greinunum „Thought and Talk“ (2001 [1975], bls. 168–169), „The Method of Truth in Metaphysics“ (2001 [1977]) og „Method and Metaphysics“ (2001 [1993]).

á skoðanir einungis innan mynsturs nátengdra skoðana. Hugmyndin er sú að til þess að skoðun geti verið um eitthvað tiltekið, hvort sem hún er sönn eður ei, verður hún að eiga sér sess innan mynsturs tengdra og sannra skoðana sem hafa það hlutverk að festa viðfang hennar.³⁵ Eins og áður hefur verið minnst á heldur Davidson því fram að merking orða ráðist af þeim setningum sem þau koma fram í og maður telur sannar. L&L orða þessa hugmynd einnig á þann veg, að til þess að geta búið yfir hugtaki og þar með haft skoðun sem felur það í sér, þurfi maður að skilja það. Til þess að skilja hugtakið þarf maður síðan að búa yfir (ótilteknu) mengi *almennra* sannra skoðana um hluti sem falla undir það, skoðana sem eru sannar í krafti tegundarinnar sem hugtakið tiltekur. En til þess að velvildarreglan geti leitt af sér setningar sem nýtast við túlkun er ekki nóg að búa yfir sönnum almennum skoðunum um hugtök, við þurfum einnig að búa yfir sönnum skoðunum um umhverfið, það er að segja þau fyrirbæri í umhverfinu sem skoðanirnar eru um. Ef að á vegi mínum verður köttur og ég mynda mér þá skoðun að hann sé kettlingafullur, segir röksemdafærslan frá heildarhyggju að ég þurfi að búa yfir ýmsum sönnum skoðunum um ketti almennt til þess að festa hugtakið köttur. Ég þarf hins vegar ekki að búa yfir neinum *sönnum* skoðunum um þennan tiltekna kött. Vissulega eru einhverjar tiltekna skoðanir sem ég þarf að búa yfir, t.d. að þessi köttur sé læða, en það er ekkert sem segir að þessar skoðanir þurfi að vera sannar. L&L draga því þá ályktun að þessi röksemdafærsla dugi ekki til sem rökstuðningur fyrir velvildarreglunni.

Aðra röksemdafærsluna sem L&L taka til umfjöllunar er ekki að finna berum orðum í verkum Davidson. Hún gengur út á það að vísa til skýringargildis heildarkenningarinnar um eðli mannvera og stöðu þeirra í heiminum til að styðja hluta hennar, velvildarregluna. Slík röksemdafærsla myndi þá halda því fram að heildarkenning Davidson sé í grófum dráttum besta tiltæka útskýringin á núverandi heimsmynd okkar. Slík röksemdafærsla má sín þó ekki mikils á móti efahyggjumanninum, sem heldur því einmitt fram að þessi heimsmynd okkar gæti

³⁵L&L 2005, bls. 201.

verið kolröng, nema þá ef hægt væri að sýna fram á *a priori* sanngildi þeirra skoðana sem kenningin á að útskýra, óháð kenningunni sjálfri. En það er einmitt það sem hann dregur í efa.

Þriðja röksemdafærslan byggir á nauðsyn þess að túlkun frá rótum sé möguleg. Ef við gætum, án þess að vísa í nokkra þekkingu á heiminum, bæði fært rök fyrir því að túlkun frá rótum sé möguleg og því að hún sé aðeins möguleg ef að velvildarreglan er sönn, þá gætum við dregið þá niðurstöðu að velvildarreglan sé *a priori* sönn. Hlutverk velvildarreglunnar er, eins og áður hefur komið fram, að brúa bilið milli L- og TF-setninga, það er að segja að tengja umhverfisskilyrðin sem gilda þegar málnotandi telur ótúlkaða setningu sanna við túlkun þessarar sömu setningar. Túlkun frá rótum er aðeins möguleg ef að túlkurinn getur rökstutt túlkunarkenningu fyrir málnotanda á grunni upplýsinga um hegðun hans og umhverfi auk þeirrar ætlunar að málnotandinn sé skynsamur. Við viljum því sýna að þetta sé aðeins mögulegt ef við gerum ráð fyrir því að málnotandinn hafi að mestu leyti rétt fyrir sér um umhverfi sitt og að innihald skoðana hans sem beinast að þessu umhverfi sé gefið með þeim umhverfisskilyrðum eða fyrirbærum sem þær spretta frá. L&L benda á að okkur nægir ekki að vísa til þess að velvildarreglunnar sé þörf til þess að rökstyðja þá niðurstöðu að túlkun frá rótum sé möguleg, því þá þyrftum við fyrst að hafa einhver rök fyrir því að hún væri möguleg sem eru óháð þessum hugleiðingum. Þau gætu til dæmis komið frá hugleiðingum um eðli málnotenda sem slíkra og það er einmitt sú leið sem Davidson virðist fara. Til þess síðan að rökstyðja það að túlkun frá rótum sé aðeins möguleg ef gert er ráð fyrir velvildarreglunni, þyrftum við að færa rök fyrir því að engir aðrir möguleikar séu í boði, eða að minnsta kosti að engir „betri“ möguleikar bjóðist. Þannig væri til dæmis hægt að vísa í skýringargildi eða einfaldleika kenningarinnar, en L&L benda á að ekki eru allir sammála um að einfaldari kenningar séu líklegri til að vera sannar.³⁶

³⁶Sjá L&L, bls. 206. Rétt er að benda á að sú hugmynd að kenningar ættu að vera metnar með tilliti til einfaldleika þeirra er viðtekin af mörgum heimspekingum. Ýtarlega umfjöllun um þetta má finna í Baker (2010).

Í næsta kafla fylgjum við umfjöllun L&L um þær hugmyndir Davidson sem röksemdafærsla hans hvílir á og varða eðli málnotenda sem slíkra. Þetta er sú ætlun að tungumál og samskipti séu nauðsynleg skilyrði hugsunar, sem aftur myndi styðja þá niðurstöðu að þriðju persónu sjónarhornið liggi öðrum til grundvallar þegar kemur að því að skilja hugsun og merkingu. Sú niðurstaða myndi síðan styðja fyrstu forsenduna í röksemdafærslunni gegn efahyggju, því hún hefur í för með sér að það er engin ástæða til að ætla að einstaklingur sem er ekki túlkanlegur á grunni þeirra gagna sem bjóðast í túlkun frá rótum sé yfirleitt málnotandi. Ef auk þess er hægt að sýna fram á að velvildarreglan sé nauðsynlegt skilyrði fyrir því að túlkun frá rótum sé möguleg höfum við tryggt niðurstöðu röksemdafærslunnar gegn víðtækri efahyggju.

3.4 Tungumál, hugsun og heimur

Í síðasta kafla bókarinnar skoða L&L hvaða rök má finna í skrifum Davidson fyrir nauðsyn tungumáls fyrir hugsun. Þar rekja þeir og meta tvær röksemdafærslur sem þeir finna drög að í skrifum Davidson: röksemdafærsluna frá heildarhyggju og röksemdafærsluna frá skoðunarhugtakinu. Sú fyrri gengur út frá þeirri afleiðingu heildarhyggjunar að ekki sé hægt að eigna veru stakar skoðanir án þess að eigna henni net samtengdra skoðana. Ef að hægt er að sýna að slík eignun sé einungis réttlæt看leg með margbrotnu hegðunarmynstri, og að það hegðunarmynstur sem þörf er á sé einungis að finna í tungumálasamskiptum, getum við dregið þá niðurstöðu að einungis málnotendur geti haft skoðanir.³⁷

Samkvæmt L&L stendur þessi röksemdafærsla frammi fyrir þeim vanda að sýna að víðeigandi hegðunarmynstur sé einungis að finna hjá málnotendum. Ef við eignum dýrum skoðanir með því að nota okkar eigin orðaforða virðumst við vissulega ganga of langt í því að lýsa viðhorfum þeirra, þar sem þau skilja ekki

³⁷Þessar tvær hugmyndir má meðal annars finna í „Rational Animals“ (2001 [1982]) og í „The Method of Truth in Metaphysics“ (2001 [1977]). Að slíkt hegðunarmynstur finnist einungis hjá málnotendum kemur skýrt fram í „Rational Animals“ (bls. 100): „a very complex pattern of behaviour must be observed to justify the attribution of a single thought [...] I think there is such a pattern only if the agent has language“.

setningarnar sem við segjum að þau hafi eitthvað tiltekið viðhorf til. En það er ekki þar með sagt að þau hafi alls engin viðhorf, heldur einungis að orðaforði okkar hæfir ekki því að lýsa sannkjörum þeirra.³⁸ Davidson gerir sér grein fyrir þessu³⁹ og sækir því rökstuðning fyrir niðurstöðu sinni í annars konar hugleiðingar.

Seinni röksemdafærsluna, sem sækir styrk sinn í hugleiðingar um skoðunarhugtakið, setja L&L fram á eftirfarandi hátt:⁴⁰

- (B1) Að búa yfir skoðunum er nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir íbyggnum viðhorfum (hugsunum).
- (B2) Að búa yfir hugtakinu skoðun er nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir skoðunum.
- (B3) Að búa yfir tungumáli er nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir hugtakinu skoðun.
- (B4) Þar af leiðandi er það að búa yfir tungumáli nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir íbyggnum viðhorfum (hugsunum).

Hugmyndin sem liggur að baki fyrstu forsendunni er að skoðanir, ásamt löngunum, liggja að minnsta kosti að hluta til grundvallar öðrum íbyggnum viðhorfum.

Þannig er ætlun tengd einhverri löngun sem maður vill uppfylla og skoðun manns á því hvernig hana má uppfylla. Maður vonar eitthvað vegna þess að manni langar það og hefur þá skoðun að það sé ekki raunin. Hræðsla felur í sér löngun eftir því að það sem maður hræðist eigi sér ekki stað og þá skoðun að það eigi eða gæti átt sér stað. L&L álykta að fyrsta forsendan standi nokkuð traustum fótum, en að það sama gildi ekki um næstu tvær.⁴¹

Í „Rational Animals“ setur Davidson fram rök fyrir (B2) sem byggja á nauðsynlegum skilyrðum þess að maður geti undrast:

³⁸L&L 2005, bls. 393.

³⁹Sjá t.d. „Rational Animals“ (2001 [1982]), bls. 100–101.

⁴⁰Davidson setur forsendur (B2) og (B3) fram sem röksemdafærslu í „Rational Animals“, bls. 102, en hefur þó orðið „röksemdafærsla“ (e. argument) innan gæsalappa. Svipaðar hugleiðingar má finna í „Thought and Talk“ (2001 [1975]), bls. 170.

⁴¹L&L benda samt sem áður á að efasemdir um forsendu (B1) megi finna í *Holism* (Fodor og Lepore 1992). Þar eiga þeir líklega við umræðuna á bls. 118–122.

Surprise requires that I be aware of a contrast between what I did believe and what I come to believe. Such awareness, however, is a belief about a belief: If I am surprised, then among other things I come to believe that my original belief was false. I do not need to insist that every case of surprise involves a belief that a prior belief was false (though I am inclined to think so). What I do want to claim is that one cannot have a general stock of beliefs of the sort necessary for having any beliefs about the correctness of one's own beliefs. Surprise about some things is a necessary and sufficient condition of thought in general.⁴²

Hugmyndin er að maður getur ekki búið yfir skoðunum án þess að geta undrast, og maður getur ekki undrast án þess að búa yfir skoðunarhugtakinu. Af því leiðir að maður getur ekki búið yfir skoðunum án þess að búa yfir skoðunarhugtakinu. L&L gagnrýna helst fyrsta hluta þessarar röksemdafærslu. Þeir vísa til þess að barnasálfræðingar hafa haldið því fram að börn á vissu þroskastigi, sem þegar búa yfir nokkurri málgetu, geri sér ekki grein fyrir því að þau hafi búið yfir röngum skoðunum, sem í þessu samhengi felur í sér að þau geti ekki undrast.⁴³ Þar sem umræddir sálfræðingar hafa komist að þessari niðurstöðu með því að spyrja þau spurninga, telja þeir mjög hæpið að halda því fram að þau búi þar með ekki yfir íbyggnum viðhorfum.

L&L setja þó sjálfir fram röksemdafærslu⁴⁴ sem samkvæmt þeim nægir til að tryggja forsendu (B2). Hún byggir á því að skoða hvað er fólgið í gerendahæfni. Þeir benda á að við skiljum íbygginn viðhorf sem viðhorf veru sem er fær um að breyta í samræmi við ætlun sína, það er að segja geranda. Maður býr því yfir skoðun einungis ef maður er gerandi. Það að vera gerandi er að vera fær um frjálssa breytni, sem aftur er aðeins möguleg ef maður býr yfir ætlunum og skoðanir manns og langanir eru samstilltar á réttan hátt til að réttlæta mögulega breytni manns. Þar sem réttlæting breytni felur í sér að maður hugsar um sambandið milli

⁴²2001 [1982], bls. 104.

⁴³L&L 2005, bls. 395.

⁴⁴L&L 2005, bls. 395–396.

mögulegrar breytni manns og afleiðinga hennar, þurfa gerendur að geta myndað skoðanir á forminu:

Ef ég geri *A*, þá *p*.

En þar sem forliðurinn hér tjáir hugtakið *breytni*, getur gerandinn ekki réttlætt breytni sína án þess að búa yfir því hugtaki. Vegna náninna tengsla *breytni* við *ætlun*, *skoðun* og *löngun*, er ekki hægt að búa yfir því hugtaki án þess að búa yfir hinum. Þar með verður sérhver breytandi að búa yfir skoðunarhugtakinu. L&L nefna þó að lokum að samkvæmt þessari röksemdafærslu er alls ekki ljóst að það sé ósamkvæmni fólgin í því að eigna málleysingjum þessi sömu hugtök. Sérhver ástæða til að líta svo á að þeir breyti eftir eigin ætlun myndi samkvæmt þessu teljast sem ástæða til að ætla að þeir búi yfir viðeigandi hugtökum, eða að minnsta kosti einhvers konar frumstæðari útgáfu af þeim.⁴⁵

Að lokum fjalla L&L um nokkrar hugleiðingar sem finna má í skrifum Davidson til stuðnings (B3): að málhæfni sé nauðsynlegt skilyrði þess að einstaklingur búi yfir skoðunarhugtakinu.

Sú fyrsta⁴⁶ sprettur upp úr rannsókn á þeim aðstæðum sem veita einstaklingi grundvöll til notkunar villuhugtaksins, það er að segja aðstæðum þar sem einstaklingur gerir sér sjálfur grein fyrir einhverju sem getur verið satt eða ósatt, óháð einstaklingnum sjálfum.⁴⁷ Að búa yfir villuhugtakinu, þegar það er skilið á þennan veg, er það sama og að hafa hugtak yfir hlutlægan sannleika.

Þessi röksemdafærsla gengur út á það að sýna fram á þrennt: að einungis í samskiptum megi finna grundvöll fyrir notkun villuhugtaksins, að án slíks grundvallar í hegðun eða upplifun einstaklings sé ómögulegt að búa yfir því hugtaki og að enginn sem býr ekki yfir þessu hugtaki geti búið yfir skoðunum.⁴⁸ Ef hægt er

⁴⁵L&L 2005, bls. 396.

⁴⁶L&L 2005, bls. 397

⁴⁷Hugleiðingar í þessa veru má finna hjá Davidson í „Thought and Talk“ (2001 [1975]), „Rational Animals“ (2001 [1982]), „Three Varieties of Knowledge“ (2001 [1991]) og „The Myth of the Subjective“ (1988).

⁴⁸Rétt er að benda á að í „Rational animals“ (2001 [1982], bls. 105) færir Davidson einungis rök fyrir því að samskipti um samhuglægan heim geti veitt þann grundvöll sem þarf fyrir villuhugtakið,

að tryggja þessar forsendur, auk (B1) og (B2) hér að ofan, getum við dregið þá niðurstöðu að tungumál sé nauðsynlegt skilyrði hugsunar, og það sem meira er, að raunveruleg samskipti séu skilyrði þess að einstaklingur búi yfir skoðunarhugtakinu. Þannig myndi röksemdafærslan tryggja það að sjónarhorn þriðju persónu liggi til grundvallar skilnings okkar á merkingu og íbyggnum viðhorfum.

Sú forsenda að við málleg samskipti geti verið grundvöllur fyrir beitingu villuhugtaks er tiltölulega auðsótt. Í samskiptum við aðra einstaklinga leitumst við eftir að líta á þá sem gædda skynsemi, að þeir búi yfir íbyggnum viðhorfum og breyti eftir þeim. Því meira sem við efumst um að þeir séu gæddir þessum eiginleikum, því minni ástæðu höfum við til að líta á þá sem gerendur yfirleitt. Til þess að vit sé í hegðun þeirra frá okkar sjónarhóli, þurfum við þó oft að eigna þeim rangar skoðanir. Þetta á til dæmis við í aðstæðum þar sem við höfum upplýsingar sem við vitum að þá skortir.

Samkvæmt L&L standa hinar forsendurnar sem röksemdafærslan hvílir á ekki jafn styrkum fótum. Fyrst athuga þeir að það er hægt að skilja aðra forsenduna á tvo vegu. Hún felur í sér að nauðsynlegt sé að finna grundvöll fyrir notkun villuhugtaksins í hegðun eða upplifun einstaklings til að hægt sé að segja að hann búi yfir hugtakinu. En þarf hann að nota hugtakið *rétt*? Af hverju er ekki nóg að honum virðist sem hann beiti því rétt, að hann beiti því rétt frá sínum eigin sjónarhóli? Þessi gagnrýni er kunnugleg og á í rauninni við um sérhverja tilraun til þess að draga niðurstöður um hlutlæga eiginleika heimsins frá greiningu á þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar til þess að við búum yfir einhverjum vissum hugtökum. Slíkar röksemdafærslur hafa verið kallar *forskilvitlegar* (e. transcendental) og hefur oft verið beitt í þeim tilgangi að hrekja efahyggju, meðal annars af Kant, Strawson og Putnam.⁴⁹ Í okkar tilfalli felst gagnrýnin í því að hugsa sér einhverjar kringumstæður sem væru óaðgreinanlegar frá raunverulegum samskiptum frá sjónarhóli einstaklings, án þess þó að hann ætti í samskiptum við

en tekur skýrt fram að hann geti ekki sýnt fram á að það sé *eina* leiðin að því að búa yfir hugtakinu. Hann virðist þó fullyrða þetta í „Epistemology Externalized“ (2001 [1991], bls. 202).

⁴⁹Ýtarlega umfjöllun um þessa tegund röksemdafærsla má finna í Stern (2011).

einn eða neinn. Þetta gæti til dæmis átt við um heila í krukku sem mataður er af skynboðum á þann hátt að hann heldur að hann eigi í samskiptum við aðra einstaklinga. Ef ekki er hægt að útiloka að slíkar kringumstæður séu óaðgreinanlegar frá raunverulegum samskiptum frá sjónarhóli einstaklingsins, er ekki ástæða til annars en að ætla að þær gætu einnig verið grundvöllur fyrir notkun villuhugtaksins. Að mati L&L tekst Davidson ekki að útiloka þennan möguleika.

Næst skoða L&L hvort að hægt sé að lýsa athöfnum eða kringumstæðum öðrum en samskiptum sem gætu verið grundvöllur fyrir beitingu villuhugtaksins. Ef hægt er að finna athöfn sem getur verið svið fyrir beitingu villuhugtaksins án þess að gera ráð fyrir að einstaklingurinn sem á í hlut hafi átt í samskiptum, höfum við ástæðu til að efast um að samskipti séu *nauðsynleg* skilyrði þess að búa yfir því hugtaki, jafnvel þó að þau geti vel verið *nægjanleg*. Þessi greinargerð L&L nær einnig yfir þríhyrningunar líkanið sem Davidson vísar til sem uppsprettu villuhugtaksins, þar sem það á einmitt að lýsa samskiptum tveggja einstaklinga um sameiginlegan ytri heim. Þeir gefa lýsingar á þremur slíkum athöfnum, en taka skýrt fram að það dugi ekki að lýsa athöfnum einstaklings sem býr þegar yfir skoðunum, þar sem röksemdafærslan á einmitt að sýna að það er ómögulegt án þess að hann búi yfir villuhugtakinu.

It is clear that, in asking what grounds the attribution of the concept to a creature, we are not asking for a story about how the creature could acquire the concept. It would be beside the point to ask for a brute causal story. And it could not be a request for a story about how a creature with beliefs could acquire the concept of error by engaging in certain sorts of activities. For the aim of the argument is to show that without the concept of error, and so the concept of belief, one cannot have beliefs at all. What we want is a description of an activity which gives point to the application of the concept of error.⁵⁰

Fyrsta athöfnin sem þeir lýsa gengur út á að eigna okkur sjálfum rangar skoðanir í

⁵⁰L&L 2005, bls. 401–402.

fortíðinni í þeim tilgangi að viðhalda rökréttri heimsmynd:

Accustomed to the persistence of solid objects, one glances at a table and comes to believe there is a book lying there. Looking up moments later, one sees nothing there where one had *thought* there was a book. One may achieve a smaller overall adjustment of one's theory of the world by supposing that one was mistaken the first time around, rather than supposing solid objects go out of existence without explanation.⁵¹

Næsta dæmi sem þeir taka um slíkar aðstæður varða kenningasmíð og útskýringar á athöfnum annarra:

Provided that we can recognize that others have attitudes without supposing them to be speakers (the point at issue), we will sometimes be better able to make sense of them as rational agents by supposing their *beliefs* mistaken. Take the case of the dog barking up the wrong tree. Without the contrast between true and false beliefs, we are at a loss to make sense of the dog's behavior, given that *we believe* that the cat is up the elm and not the oak tree.⁵²

Þriðja dæmið vísar að lokum til þess að munurinn á sannleika og ósannindum getur einnig spilað hlutverk í fræðilegum hugleiðingu, til dæmis þegar maður tekur eftir því að maður hafi leitt rangar niðurstöður af forsendu í stærðfræði.

Nú má gera eina athugasemd sem á við um sérhvert þessara dæma. Byrjum á að athuga að í upphafi tilvitnunarinnar hér að ofan gera L&L þegar ráð fyrir að við getum eignað málleysingjum viðhorf. Þannig gera þeir á vissan hátt ráð fyrir því sem á að sýna, að við getum eignað einstaklingum viðhorf án þess að þeir hafi átt í mállegum samskiptum. Þetta kemur þó ekki að sök ef hugmyndin er sú að einhver geti notað íbyggin viðhorf til að lýsa athöfnum þeirra án þess þó að eigna þeim þau réttilega, og sú athöfn að eigna þeim þau geti verið grundvöllur fyrir beitingu villuhugtaksins. En samt sem áður er verið að gera ráð fyrir því að einstaklingurinn

⁵¹L&L 2005, bls. 402. Áherslan er mín.

⁵²L&L 2005, bls. 402. Áherslurnar eru mínar.

sem á að eigna hundinum þessi viðhorf búi sjálfur þegar yfir skoðunum, líkt og áherslunar sýna. Og mér virðist sem þær athafnir sem lýst er í hinum tveimur dæmunum séu einnig dæmi um athafnir sem einungis einstaklingur sem þegar byggir yfir skoðunum gæti tekið sér fyrir hendur. Athugum auk þess að á þessu stigi málsins hafa L&L samþykkt að það að búa yfir villuhugtakinu sé nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir skoðunarhugtakinu, sem aftur er nauðsynlegt skilyrði þess að búa yfir skoðunum. Dæmin lýsa athöfnum einstaklings sem skapa grundvöll fyrir beitingu villuhugtaksins, en þessar athafnir virðast gera kröfu um að þessi einstaklingur búi þegar yfir skoðunum, og þar með að hann búi þegar yfir villuhugtakinu. Vandinn við dæmin er með öðrum orðum sá að einstaklingurinn þarf þegar að búa yfir villuhugtakinu áður en hann getur tekið þátt í þessum athöfnum sem eiga að vera grundvöllurinn fyrir beitingu þessa sama hugtaks. Við skoðum þessi mál betur í síðasta hluta ritgerðarinnar, en ljúkum þessum hluta á annarri hugleiðingu sem L&L finna hjá Davidson og miðar að því að tryggja nauðsyn máls fyrir hugsun án þess að vísa beint í villuhugtakið.

Umrædd hugmynd sprettur upp úr greiningu Davidson á þríhyrningsvenslum samskipta og þeirri ætlun að þau séu nauðsynleg til að við getum sagt að hugsanir hafi eitthvað ákvarðað viðfang. Hugmyndin er sú að túlkurinn sér málnotandann sýna svipuð viðbrögð við hlutum eða atburðum sem túlkurinn metur svipaða í umhverfi þeirra. Samkvæmt Davidson eru þessi þríhyrningsvensl nauðsynleg til þess að túlkurinn geti greint við hverju málnotandinn er að bregðast, til dæmis hvort hann er að bregðast við nálægum eða fjarlægum hvötum.⁵³ Niðurstaðan af þessu er þá á sama veg og seinni hluti velvildarreglunnar hér að ofan, að við túlkun verðum við að gera ráð fyrir því að hvatir eða orsakir skoðanna málnotandans, sem túlkurinn getur við kjöraðstæður greint í sameiginlegu umhverfi þeirra, séu viðfang þessara sömu skoðanna. Ef við gerðum ekki ráð fyrir þessu, gæti túlkunarkenning ekki dugað til að ákvarða skoðanir og merkingu máls þess sem á að túlka. Ef hægt er að sýna að slík þríhyrningsvensl samskipta um sameiginlegt viðfang hugsunar

⁵³Þessar hugmyndir eru meðal annars settar fram í Davidson 2005 [1991], Davidson 2004 [2001] og Davidson 2001 [1992].

séu nauðsynlegt skilyrði þess að innihald hugsunar sé ákvarðað og að ekki sé hægt að búa yfir hugsunum nema þær eigi sé ákvarðað viðfang, þá virðumst við geta dregið þá niðurstöðu að ekki sé hægt að búa yfir hugsunum nema maður eigi, eða hafi átt, í mállegum samskiptum við annan málnotanda. Þannig virðumst við einnig hafa sýnt fram á möguleikann á þekkingu á bæði öðrum hugum og ytri heimi, þar sem ferlið sem við höfum lýst gerir ráð fyrir öðrum málnotendum og þekking okkar á hugsunum þeirra hvílir á því sem við getum lesið úr hegðun þeirra. Þetta felur í sér lausn á þeim vanda að sýna fram á að þriðju persónu sjónarhornið, sameiginleg sjónarhorn okkar á almennan heim, liggi öðrum sjónarhornum til grundvallar í þekkingarfræðilegum skilningi. Ef þetta er rétt er kartesíska sýnin á þekkingarfræði, sem lítur á þekkingu á okkar eigin hug sem undirstöðu fyrir aðra þekkingu, úr sögunni ásamt efahyggjunni sem hún býður heim.⁵⁴

L&L benda á nokkra vankanta á þessari röksemdafærslu. Í fyrsta lagi gerir hún ráð fyrir forgangsstöðu þriðju persónu sjónarhornsins, og getur því ekki tryggt það. Samkvæmt röksemdafærslunni eru samskipti nauðsynleg hugsun vegna þess að, ef einstaklingur ætti ekki í samskiptum væri ekki hægt að bera kennsl á viðföng hugsunar hans á hlutlægan hátt, það er að segja frá þriðju persónu sjónarhorni.⁵⁵ Í mesta lagi geta rökin sýnt að þriðju persónu sjónarhornið hafi ekki fráleitar afleiðingar, en þau geta ekki veitt þessu sjónarhorni *a priori* stuðning.

Í öðru lagi spyrja L&L hvort að málleg samskipti séu eina lausnin á vandanum við að ákvarða innihald hugsana. Hugmyndin á bak við þríhyrningun er að innihald hugsana er ákvarðað með því að tveir einstaklingar bregðist á svipaðan hátt⁵⁶ við svipuðu áreiti og geti komist að því hvað er sameiginlegt viðfang hugsana þeirra með því að finna ákveðin mynstur í hegðun hvors annars. Davidson álitur að sameiginlegt viðfang hugsana þeirra geti ekki verið ákvarðað nema í mállegum samskiptum, það er að segja að sú hegðun sem þeir verða vitni að hvor hjá öðrum sé málleg. L&L leggja fyrir spurninguna: af hverju eru málleg samskipti

⁵⁴L&L 2005, bls. 407.

⁵⁵L&L 2005, bls. 408.

⁵⁶Viðbrögð annars þurfa þó ekki endilega að líkjast viðbrögðum hins, heldur þurfa viðbrögð hvors fyrir sig að vera svipuð fyrri viðbrögðum hans.

eina lausnin? Dýr sem slást um mat bregðast á svipaðan hátt við svipuðum hvata og gera sér jafnvel grein fyrir því að þau geri það. Af hverju nægja þau þríhyrningsvensl sem við sjáum í þessu tilfelli ekki til að ákvarða sameiginlegt viðfang hugsunar þeirra? Af hverju er það sem vantar upp á endilega *málleg* samskipti? Ef að rökfærslan á að leiða til þess að málleg samskipti séu nauðsynleg skilyrði hugsunar, þá þurfum við rök fyrir því að þau séu það eina sem getur leyst vandamálið um ákvörðun innihalds hugsana.

L&L draga þá niðurstöðu af greinargerð sinni að Davidson hafi ekki fært fullnægjandi rök fyrir þeim forsendum sem röksemdafærsla hans hvílir á og sér í lagi þeirri ætlun að þriðju persónu sjónarhornið liggi öðrum til grundvallar þegar kemur að því að skilja merkingu og hugsun. Heimspeki hans gefur okkur því ekki sannfærandi rök gegn víðtækri efahyggju.

4 Samantekt og niðurstöður

Í þessum lokahluta ritgerðarinnar mun ég líta yfir farinn veg og taka saman þá þætti í gagnrýni L&L sem veða hvað þyngst. Hér gefst ekki tómt til að fara nákvæmlega í öll þau atriði sem fram hafa komið í gagnrýni þeirra. Þess í stað mun ég beina sjónum mínum að einu grundvallaratriði í túlkun þeirra á Davidson og færa rök fyrir því að þar fái vissir þættir í heimspeki hans ekki réttmæta umfjöllun.

4.1 Samantekt og mat á gagnrýni Ludwig og Lepore

Á því formi sem L&L setja röksemdafærslu Davidson fram, hvílir hún á tveimur forsendum. (L2) segir að nauðsynlegt skilyrði fyrir því að vera túlkanlegur af öðrum málnotendum sé að maður hafi að mestu leyti rétt fyrir sér, þá sérstaklega í skoðunum sem varða umhverfi manns. Velvildarreglan á að tryggja þessa niðurstöðu, auk þess að gera okkur kleift að smíða nýtanlega og sannreynanlega túlkunarkenningu. Í kafla 2.2 förum við yfir mismunandi framsetningar á velvildarreglu sem finna má í skrifum Davidson, ástæður L&L fyrir því að hafna því að þær nægi til að uppfylla þessi tvö hlutverk og tillögu þeirra um hvernig megi setja hana fram til þess að hún geri það. L&L benda á að velvildarregluna þurfi að styðja með a priori rökum, það er að segja rökum sem eru óháð reynslu okkar af heiminum, þar sem það er einmitt þessi reynsla sem efahyggjumaðurinn segir að sé blekking ein. Þessi rök geta verið af tvennum toga.

Annars vegar eru það rök sem miða að því að sýna með beinum hætti að þeir eiginleikar tungumáls og hugsunar sem velvildarreglan segir að við þurfum gera ráð fyrir í túlkun séu grundvallareiginleikar hvors fyrir sig. Ef þessi leið er farin er lítið svo á að rannsóknin á túlkunarferlinu frá rótum geri okkur kleift að komast að þessum grunneiginleikum, en að rökin fyrir þessum eiginleikum séu óháð því hvort túlkun frá rótum sé yfirleitt möguleg. Innan þessa ramma má skilja fyrri forsendu röksemdafærslunnar (L1), sem segir að það að vera málnotandi sé að vera túlkanlegur af öðrum málnotendum, á þá leið að hún eigi við túlkun almennt en

einskorði sig ekki við túlkun frá rótum. Í kafla 2.3 förum við í gegnum þær röksemdafærslur sem L&L finna fyrir velvildarreglunni í verkum Davidson. Þar af eru tvær sem hvíla ekki á nauðsyn þess að túlkun frá rótum sé möguleg: röksemdafærslan frá heildarhyggju og röksemdafærslan sem vísar til skýringargildis velvildarreglunnar innan heildarkenningarinnar um eðli mannvera og stöðu þeirra í heiminum. Fyrri röksemdafærslan nægir ekki ein og sér til að tryggja niðurstöðuna þar sem hún getur einungis náð yfir almennar skoðanir en ekki sértækar skoðanir um umhverfið. Seinni röksemdafærslan finnst ekki berum orðum í verkum Davidson, en það er ástæða til að taka tillit til hennar þegar kenningar hans eru bornar saman við aðrar kenningar. Ef hún á að leika eitthvað hlutverk í andsvarinu gegn efahyggjunni virðist þó vera að færa þurfi a priori rök fyrir þeim hugmyndum um eðli mannvera sem hún á að útskýra.

Seinni möguleikinn til að færa rök fyrir velvildarreglunni felst í því að sýna fram á að hún sé nauðsynlegt skilyrði þess að túlkun frá rótum sé möguleg. Ef þessi leið er farin eru þær niðurstöður um merkingu og skoðanir sem velvildarreglan felur í sér háðar því hvort þær upplýsingar sem eru í boði við túlkun frá rótum nægi til að setja fram og rökstyðja túlkunarkenningu. Auk þess verður nú að skilja forsenduna (L1) á þann hátt að það að vera túlkanlegur frá rótum sé nauðsynlegt skilyrði þess að vera málnotandi, ef röksemdafærslan gegn víðtækri efahyggju á að ganga upp. Þetta felur í sér að það að vera túlkanlegur frá rótum sé nauðsynlegt skilyrði þess að vera túlkanlegur, sem er einmitt eitthvað sem Davidson sjálfur hefur neitað að hafa haldið fram.⁵⁷ Í sömu grein heldur hann því einnig fram að hafa aldrei fært rök fyrir velvildarreglunni sem eru háð því hvort túlkun frá rótum sé möguleg, heldur að rök hans fyrir báðum þáttum velvildarreglunnar séu óháð túlkun frá rótum og eigi við um tungumál og samskipti almennt.⁵⁸ L&L taka þessa grein fyrir í öðrum hluta 11. kafla bókar sinnar,⁵⁹ þar sem þeir halda því fram að það beri engu að síður að skilja Davidson sem svo að rökstuðningur hans fyrir

⁵⁷Davidson 1994, bls. 121.

⁵⁸Davidson 1994, bls. 122–124.

⁵⁹L&L 2005, bls. 166–173.

velvildarreglunni hvíli á möguleikanum á túlkun frá rótum.

Í kaflanum hér á eftir mun ég skoða hvort hægt sé að finna einhver rök í skrifum Davidson fyrir velvildarreglunni sem eru óháð möguleikanum á túlkun frá rótum. Þetta atriði skiptir sköpum þegar kemur að því að meta rök hans og þá sérstaklega í ljósi þess að L&L hafna því að túlkun frá rótum í skilningi Davidson sé möguleg. Ástæður þeirra fyrir þessari höfnun eru flóknari og margþættari en svo að unnt sé að gera grein fyrir þeim hérna, en í stuttu máli má segja að einskorðun upplýsinga við umhverfi þess sem á að túlka auk hinna ýmsu takmarkana sem velvildarreglan lýsir, nægi ekki til að ákvarða kenningu um mál og athafnir hans sem við getum vitað að er sönn.⁶⁰ Þetta er vegna þess að þau skilyrði sem Davidson virðist setja túlkunarferlinu nægja ekki til að velja milli ósamrýmanlegra túlkunarkenninga sem gera jafn vel grein fyrir málhegðun einstaklingsins í heild sinni. Enn fremur færa L&L rök fyrir því að hugmyndin um *vanákvörðun túlkunar* (e. indeterminacy of interpretation), sem Davidson reiðir sig á til að útskýra þessa útkomu, hrökkvi ekki til nema hægt sé að sýna fram á að hugtök eins og *merking* og *skoðun*, sem túlkunarkenningin byggir á, séu að öllu leyti fræðileg hugtök sem hafi ekkert hlutverk utan slíkrar kenningar. Sú kenning er svo aftur nátengd þeirri sem segir að tungumál eða samskipti séu nauðsynleg skilyrði hugsunar og þau rök sem Davidson færir fyrir þeirri síðari myndu um leið ná að tryggja einhverja útgáfu af þeirri fyrri. Við förum í gegnum umfjöllun L&L um þessi rök í kafla 2.4 hér að ofan, sem og mótbárur L&L við þeim. Ætlun mín nú er ekki að svara þessum mótbárum frekar en ég hef þegar gert. Þess í stað mun ég nota það sem eftir er af þessari ritgerð í að skoða túlkun L&L á úthyggju Davidson eins og hún birtist í velvildarreglunni og athuga hvort að hægt sé finna rök fyrir henni í verkum hans sem hvíla ekki á því hvort að túlkun frá rótum sé yfirleitt möguleg.

⁶⁰Umræða L&L um túlkun frá rótum teygir sig yfir annan hluta bókar þeirra í heild sinni (bls. 147–300) en er tekin saman á síðum 298 til 300. Mótrök þeirra er aðallega að finna í kafla 15 (bls. 221–247).

4.2 Úthyggja Davidson

Í umfjöllun sinni um úthyggju Davidson, vekja L&L athygli á vissri togstreitu sem finna má í afstöðu hans um hvað það er sem ákvarðar merkingu orða og skoðanir einstaklings.⁶¹ Annars vegar heldur Davidson því fram að túlkunarferlið gegni forgangstöðu í þessari ákvörðun — það sem við höfum kallað sjónarhorn þriðju persónu — sem hefur í för með sér að hvort tveggja sé að öllu leyti ákvarðað af upplýsingum sem tiltækar eru við túlkun. En hins vegar virðist Davidson stundum veita þeim kringumstæðum sem maður lærir hugtök og orð í eitthvað vægi þegar kemur að því að gera grein fyrir merkingu og innihaldi skoðana. Þessi seinni hugmynd kemur meðal annars skýrt fram í greininni „Knowing One’s Own Mind“⁶² þar sem Davidson kynnir til sögunnar hugsunartilraunina *Mýrarmanninn* (e. Swampman). Þar erum við beðin um að ímynda okkur að Davidson sé á vappi í mýrarsvæði þegar eldingu slær skyndilega niður í dautt tré skammt frá. Davidson brennur upp til ösku, en fyrir einskæra tilviljun umbreytist tréið í nákvæma efnislega eftirmynd af Davidson, sem hegðar sér að öllu leyti eins og gengur í hans stað í hinu daglega amstri án þess að nokkur af samferðamönnum hans verði þess var. En samkvæmt Davidson *er* munur á honum og eftirmynd hans: ólíkt Davidson sjálfum hafa orð þess síðarnefnda enga merkingu og hugsanir hans ekkert innihald. Ástæðan fyrir þessu er, að þrátt fyrir að þeir félagar séu *efnislega* eins í alla staði, þá hefur sá síðarnefndi aldrei verið í orsakavenslum við þá hluti og atburði sem hann talar um. Með öðrum orðum eru sögulegar staðreyndir um orsakavensl við hluti og atburði í heiminum að minnsta kosti í sumum tilfellum mikilvægur þáttur í því um hvað mál og hugsanir sem snúa að þessum hlutum og atburðum eru. Togstreitan milli þessarar niðurstöðu og sjónarhorns þriðju persónu verður augljós þegar við athugum að slíkar sögulegar staðreyndir eru ekki hluti af þeim upplýsingum sem túlkurinn þarf að einskorða sig við. Munurinn á Davidson og Mýrarmanninum kæmi aldrei fram í túlkunarferlinu, svo samkvæmt sjónarhorni

⁶¹L&L 2005, bls. 335–340.

⁶²Davidson 2001 [1987].

þriðju persónu er enginn munur á innihaldi skoðana þeirra né merkingu þess sem þeir mæla.

Ég tel að L&L hafi rétt fyrir sér þegar þeir benda á að viss spenna sé á milli þessara tveggja sjónarhorna, þrátt fyrir að þau séu ekki endilega ósamrýmanleg. Þeim þykir hugsunartilraunin um Mýrarmanninn ekki sannfærandi og þær hugmyndir sem þar birtast koma lítið sem ekkert við sögu í því sem er eftir af umfjöllun þeirra. Þeir minnst þó á þær í einni neðanmálgrein,⁶³ þar sem þeir stinga upp á því að Davidson gæti átt við þessar hugmyndir þegar hann segist hafa fært rök sem eru óháð möguleikanum á túlkun frá rótum fyrir því að vissar grunnsetningar verði að vera sannar á þeim tíma sem málnotandi heldur þeim fram, sem er einmitt ein hlið velvildarreglunnar. En þeir eru fljótir að sópa þessum möguleika út af borðinu, meðal annars vegna þess að Davidson kynni velvildarregluna til sögunnar löngu áður en hann fer að vísa til úthyggjunnar berum orðum.⁶⁴ Samkvæmt þeim hvíla rök Davidson fyrir því að innihald hugsana okkar sé að hluta til ákvarðað af orsakabundinni víxlverkun við umhverfi okkar á því að þetta sé nauðsynlegt til þess að tryggja að túlkun frá rótum sé möguleg.⁶⁵

Lausn L&L á togstreitunni milli Mýrarmannsins og túlkunar frá rótum er þannig að sniðganga þær hugmyndir um sögulegan þátt í ákvörðun merkingar og innihalds hugsunar sem fram koma í umfjölluninni um þann fyrrnefnda. Þetta gera þeir þrátt fyrir að þessar sömu hugmyndir séu þær einu sem þeir telja að gætu gengið í stað þess að láta rökin fyrir velvildarreglunni hvíla á möguleikanum á túlkun frá rótum. En eins og Nathaniel Goldberg hefur bent á⁶⁶ og fram kom í

⁶³Neðanmálgrein 143, bls. 171.

⁶⁴Athugum að Davidson sjálfur hefur sagt að úthyggjan hafi frá upphafi verið mikilvægur þáttur í greinargerð hans fyrir túlkun frá rótum þegar kemur að því að túlka tilefnissetningar (Davidson 2001d, bls. 11, n.m.gr. 2). Einnig ber að athuga að sú hlið velvildarreglunnar sem hér er til umræðu (og samsvarar nokkurn veginn því sem ég nefndi „samsvörunarregluna“ hér að ofan) virðist ekki koma almennilega fram fyrr en í „Three Varieties of Knowledge“ (2001 [1991]).

⁶⁵L&L 2005, bls. 340.

⁶⁶Goldberg 2008 og 2010. Goldberg færir rök fyrir því að það megi finna tvær ósamrýmanlegar greinargerðir fyrir ákvörðun merkingar og innihalds skoðana í skrifum Davidson. Sú fyrri byggist á túlkun frá rótum og er óháð sögulegum þáttum, á meðan sú seinni byggist á þríhyrningunargreiningu á máltöku og felur í sér sögulega þætti um þær aðstæður sem einstaklingurinn lærir fyrst að beita hugtökum. Niðurstaða hans er að Davidson ætti að hafna þeirri síðarnefndu þar sem hún grefur undan mikilvægum þáttum í heimspekikerfi hans, meðal annars andsvari hans við víðtækri

umfjöllun okkar í lok fyrsta kafla þessarar ritgerðar um greinargerð Davidson fyrir máltöku, einskorðast þessar hugmyndir síður en svo við þessa einu hugsunartilraun.

Thoughts require a history. Not only must an object capable of thought be capable of learning: it must have learned a great deal. A creature or object cannot have a thought about stars or squid or sawdust unless that thought somehow traces back causally to appropriate samples.⁶⁷

Agreeing on this point [that the contents of our thoughts and sayings are partly determined by the history of our causal interactions with the environment] comes naturally to someone like me who has for some thirty years been insisting that the contents of our earliest learned and most basic sentences [...] must be determined by what it is in the world that causes us to hold them true. It is here, I have long claimed, that the ties between language and the world are established and that central constraints on meaning are fixed; and given the close connections between thought and language, analogous remarks go for the contents of the attitudes.⁶⁸

[...] what our words mean, and what our thoughts are about, is partly determined by the history of their acquisition. The truth conditions of my sentence 'The moon is gibbous', or of my belief that the moon is gibbous, depend in part on the causal history of my relation to the moon.⁶⁹

Í neðanmálgreininni sem var nefnd hér að ofan,⁷⁰ halda L&L því fram að það sé eðlilegra að líta svo á að rök Davidson fyrir úthyggju sinni hvíli á

efahyggju. Davidson virðist þó stundum líta svo á að þetta andsvar hans sæki rökstuðning sinn í sögulega úthyggju: „What I propose is a modest form of externalism. If our past — the causal processes that gave our words and thoughts the content they have — had been different, those contents would have been different, even if our present state happens to be what it would have been had the past been different, I am not sure whether Stroud accepts this form of externalism, but my case against scepticism depends on it“ (Davidson 1999, bls. 165).

⁶⁷Davidson 2004 [1990], bls. 88.

⁶⁸Davidson 2001a [1991], bls. 200.

⁶⁹Davidson 2004a [1995], bls. 121. Sjá einnig Davidson 2001d, bls. 293; Davidson 1999, bls. 164–165; Davidson 2001 [1988], bls. 43–45; Davidson 2001e: „the view that a history of encounters with some of the things we speak about and have beliefs about is necessary if we are to refer to and form attitudes towards those objects is at the heart of the sort of externalism I embrace. On this view, aspects of our interactions with others and the world are partially constitutive of what we mean and think“ (bls. 293).

⁷⁰Neðanmálgrein 143, bls. 171.

velvildarreglunni, frekar en að því sé öfugt farið, og að rökin fyrir velvildarreglunni hvíli á nauðsyn þess að gera ráð fyrir henni við túlkun. En jafnvel þó við lítum fram hjá því að Davidson hafi sjálfur hafnað þessari túlkun,⁷¹ þá er erfitt að sjá hvernig sögulegi þáttur úthyggju hans, sem kemur svo glögglega fram í tilvitnunum hér að ofan, gæti sótt rökstuðning sinn í velvildarregluna, þar sem það að gera ráð fyrir þekkingu á uppruna máls hins túlkaða virðist með öllu óþarft í túlkunaraðstæðum. Það virðist því eðlilegra að líta svo á að sá þáttur velvildarreglunnar sem segir að gera þurfi ráð fyrir að orsakasambandi milli innihalds skoðana hins túlkaða og umhverfis hans hvíli, að minnsta kosti í seinni skrifum Davidson, að einhverju leiti á greinargerð hans fyrir máltöku.⁷² Samkvæmt þessari túlkun gæti greinargerð Davidson fyrir því hvernig orðum eða hugtökum er eignuð merking í fyrsta sinn í þríhyrningunaraðstæðum átt þátt í því að útskýra af hverju tungumál og hugsun er frá upphafi bundin sameiginlegum ytri heim, sem aftur væri ástæðan fyrir því að þær upplýsingar sem eru í boði við túlkun frá rótum nægja til að ákvarða merkingu og hugsanir.

Að túlka Davidson á þennan hátt er þó síður en svo vandkvæðalaust. Í fyrsta lagi er það rétt að þessi túlkun virðist við fyrstu sýn grafa undan forgangsstöðu túlkunar frá rótum með því að gera merkingu og innihald skoðana háð sögulegum staðreyndum sem ekki eru aðgengilegar við túlkun. Túlkun frá rótum leikur lykilhlutverk í heimspeki Davidson og greining hans á því ferli er grundvöllur fyrir fjölmargar af niðurstöðum hans. Frekari rannsóknir þyrfti til að skera úr um hvort, eða að hvaða marki, sú túlkun sem hér hefur verið kynnt grefur undan þessum niðurstöðum. Í öðru lagi er greinargerð Davidson fyrir máltöku einungis ein hlið af rannsókn hans á þríhyrningun og því síður en svo undanskilin einhverjum af þeim mótbárum sem fram komu í kafla 2.4. Auk þess er ekki ljóst hve mikið vægi þessi greinargerð á að hafa innan heimspeki hans í ljósi þess hve seint hún kemur fram.⁷³

⁷¹Davidson 1994.

⁷²„The principle of charity recognizes the way in which we must learn perceptual sentences and the consequences that such sentences, when uttered with conviction, cannot be routinely false“ (Davidson 1999b, bls. 343).

⁷³Í þessu samhengi er áhugavert að athuga að á einum stað í „Three Varieties of Knowledge“, þar sem Davidson leitar skýringa á því hvernig samskipti geta átt sér stað yfirleitt, virðist hann

Í þriðja og síðasta lagi er ljóst að það er ekki lengur hægt að líta á andsvar Davidson við efahyggju sem *a priori* röksemdafærslu, að minnsta kosti ekki ef það felur í sér að forsendur hennar þurfi að vera nauðsynlega sannar. Það er í besta falli tilfallandi staðreynd um okkur að hugtök okkar öðlist merkingu á þann hátt sem Davidson lýsir. En það er ekki þar með sagt að andsvar hans hafi ekkert þekkingarfræðilegt gildi.⁷⁴

Það hefur þó vissulega sína kosti að túlka Davidson á þann hátt að rök hans fyrir velvildarreglunni hvíli að hluta til á þeirri sögulegu úthyggju sem kemur fram í greinargerð hans fyrir máltöku. Í fyrsta lagi virðist það vera eini kosturinn sem okkur stendur til boða ef við erum ófús til að sniðganga hans eigin ummæli um að þessi rök hans séu óháð möguleikanum á túlkun frá rótum. Í öðru lagi er þeirri sögulega úthyggju sem kemur svo víða fram í skrifum Davidson um þríhyrningun fundinn staður innan heimspeki hans í heild sinni.

líta svo á að rannsókn hans á túlkun frá rótum þjóni að einhverju leiti þeim tilgangi að varpa ljósi á máltöku: „It might help if we knew how language came into existence in the first place, or at least could give an account of how an individual learns his first language, given that others in his environment are already linguistically accomplished. Failing such knowledge or account, what we can do instead is ask how a competent interpreter (one with adequate conceptual resources and a language of his own) might come to understand the speaker of an alien tongue. An answer to this question should reveal some important features of communication, and throw indirect light on what makes possible a first entry into language.“ (2001 [1991]), bls. 210.

⁷⁴Ljóst er að Davidson hefur verið nokkuð tvísaga um það hvort það beri að líta á andsvar hans sem *a priori* eður ei. L&L taka þetta atriði til umfjöllunar (í n.m.gr. 139, bls. 139 og n.m.gr. 250, bls. 150) en álykta að röksemdafærslan verði að vera studd *a priori* rökum ef hún á að hafa eitthvað vægi á móti efahyggju. Í „Knowledge of Self, Others, and the World“ (Sosa 2003) færir Ernest Sosa rök fyrir því að andsvar Davidson geti haft þekkingarfræðilegt vægi án þess að vera skilið sem *a priori* röksemdafærsla. Umfjöllun hans er greinargóð og samræmist vel skrifum Davidson um eðli rökstuðnings, en er því miður umfangsmeiri en svo að henni megi gera góð skil í stuttu máli.

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég leitast við að varpa ljósi á þær hugmyndir sem liggja að baki höfnun Davidson á víðtækri efahyggju og um leið að veita innsýn í stóran hluta heimspeki hans. Í leiðinni að þessu markmiði tók ég fyrir þá ýtarlegu gagnrýni sem finna má í umfjöllun Ludwig og Lepore um þessar sömu hugmyndir. Í lok ritgerðarinnar gagnrýndi ég eitt grundvallaratriði í túlkun Ludwig og Lepore og færði rök fyrir því að úthyggja Davidson um merkingu og innihald skoðana feli í sér sögulegan þátt sem er að mestu leyti sniðgenginn í umfjöllun þeirra. Ég sýndi fram á tengsl þessarar tegundar úthyggju við velvildarregluna, sem liggur andsvari hans við efahyggju til grundvallar, og hvernig þessi tengsl geta útskýrt fullyrðingar hans um að rökin fyrir þessari reglu séu óháð því hvort túlkun frá rótum sé möguleg.

Ljóst er að bæði heildarhyggjan og úthyggjan sem rök Davidson hvíla á eru umdeildar kenningar í heimspeki og að sannfæringarkraftur þeirrar myndar sem hann dregur upp af tengslum máls, hugsunar og heims er að miklu leyti háður afstöðu okkar til þessara kenninga. En fyrir þá sem telja það heimspekikenningu til tekna að hún útiloki vissar gerðir víðtækrar efahyggju, býður heimspeki Davidson upp á heillandi mynd af stöðu okkar í heiminum sem ekki ber að líta fram hjá.

Heimildaskrá

- Baker, Alan (2010). „Simplicity“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* (Sumarútgáfa 2011). Ritstj. Edward N. Zalta.
- Davidson, Donald (1994). „Radical Interpretation Interpreted“. *Philosophical Perspectives*, vol. 8, bls. 121-128. Ridgeview, Atascadero.
- Davidson, Donald (1999). „Reply to Barry Stroud“. *The Philosophy of Donald Davidson*, bls. 162-166. Ritstj. Hahn, L. E. Open Court, Chicago.
- Davidson, Donald (1999a). „Reply to A.C. Genova“. *The Philosophy of Donald Davidson*, bls. 192-194. Ritstj. Hahn, L. E. Open Court, Chicago.
- Davidson, Donald (1999b). „Reply to Andrew Cutrofello“. *The Philosophy of Donald Davidson*, bls. 342–344. Ritstj. Hahn, L. E. Open Court, Chicago.
- Davidson, Donald (2001d). „Externalisms“. *Interpreting Davidson*, bls. 121-128. Ritstj. Kotatko, Pagin og Segal. CSLI Publications, Stanford, California.
- Davidson, Donald (2001e). „Comments on Karlovy Vary Papers“. *Interpreting Davidson*, bls. 285-306. Ritstj. Kotatko, Pagin og Segal. CSLI Publications, Stanford, California.
- Davidson, Donald (2001 [1965]). „Theories of Meaning and Learnable Languages“. Prentað í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 3–15. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1967]). „Truth and Meaning“. Prentað í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 17–36. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1973]). „Radical Interpretation“. Prentað í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 125–139. Oxford University Press, Oxford.

- Davidson, Donald (2001 [1974]). „Belief and the Basis of Meaning“. Prentađ í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 141–154. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001a [1974]). „On the Very Idea of a Conceptual Scheme“. Prentađ í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 183–198. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1975]). „Thought and Talk“. Prentađ í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 155–170. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1977]). „The Method of Truth in Metaphysics“. Prentađ í *Inquiries into Truth and Interpretation*, bls. 199–214. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1983]). „A Coherence Theory of Truth and Knowledge“. Prentađ í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 137–153. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1987]). „Knowing One’s Own Mind“. Prentađ í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 15–38. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1988]). „The Myth of the Subjective“. Prentađ í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 39–52. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001 [1991]). „Three Varieties of Knowledge“. Prentađ í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 205–220. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2001a [1991]). „Epistemology Externalized“. Prentađ í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 193–204. Oxford University Press, Oxford.

- Davidson, Donald (2001 [1992]). „The Second Person“. Prentað í *Subjective, Intersubjective, Objective*, bls. 107–122. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2004 [1990]). „Representation and Interpretation“. Prentað í *Problems of Rationality*, bls. 87–99. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2004 [1995]). „The Problem of Objectivity“. Prentað í *Problems of Rationality*, bls. 3–18. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2004a [1995]). „Could There be a Science of Rationality“. Prentað í *Problems of Rationality*, bls. 117–134. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2004 [2001]). „What Thought Requires“. Prentað í *Problems of Rationality*, bls. 135–149. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2005 [1993]). „Method and Metaphysics“. Prentað í *Truth, Language and History*, bls. 39–45. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2005 [1996]). „The Folly of Trying to Define Truth“. Prentað í *Truth, Language and History*, bls. 19–37. Oxford University Press, Oxford.
- Davidson, Donald (2005 [1997]). „Truth Rehabilitated“. Prentað í *Truth, Language and History*, bls. 3–17. Oxford University Press, Oxford.
- Fodor, J. og E. Lepore (1992). *Holism: A Shopper's Guide*. Blackwell, Oxford.
- Goldberg, Nathaniel (2003). „Possibly v. Actually the Case: Davidson's Omniscient Interpreter at Twenty“. *Acta Analytica* 18, bls. 143–160. Springer.
- Goldberg, Nathaniel (2008). „Tension within Triangulation“. *The Southern Journal of Philosophy* 46 (3), bls. 363–383.
- Goldberg, Nathaniel (2010). „Swampman, response-dependence, and meaning“. *Davidson's Philosophy: Truth, Meaning, and the Mental*, bls. 148–163. Ritstj. Preyer, Gerhard. Oxford University Press, Oxford.

Lepore, E. og K. Ludwig (2005). *Donald Davidson: Meaning, Truth, Language, and Reality*. Oxford University Press, Oxford.

Sosa, Ernest (2003). „Knowledge of Self, Others, and the World“. *Donald Davidson*, bls. 163-182. Ritstj. Ludwig, Kirk. Cambridge University Press, Cambridge.

Stern, Robert (2011). „Transcendental Arguments“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* (Haustútgáfa 2012). Ritstj. Edward N. Zalta.

Greinasöfn Davidson

Davidson, Donald (2001a). *Essays on Actions and Events (Önnur útgáfa)*. Oxford University Press, Oxford.

Davidson, Donald (2001b) *Inquiries into Truth and Interpretation (Önnur útgáfa)*. Oxford University Press, Oxford.

Davidson, Donald (2001c) *Subjective, Intersubjective, Objective*. Oxford University Press, Oxford.

Davidson, Donald (2004) *Problems of Rationality*. Oxford University Press, Oxford.

Davidson, Donald (2005) *Truth, Language, and History*. Oxford University Press, Oxford.

